

FRÆÐSLUNETIÐ Í 20 ÁR

VÖXTUR OG VIÐGANGUR



fagmennska



traust



sveigjanleiki

jafnræði

ÁSMUNDUR SVERRIR PÁLSSON

FRÆÐSLUNETIÐ - SÍMENNTUN Á SUÐURLANDI

FRÆÐSLUNETIÐ Í 20 ÁR

VÖXTUR OG VIÐGANGUR



Fræðslunetið í 20 ár, vöxtur og viðgangur

Heimildavinna og textagerð: Ásmundur Sverrir Pálsson

Aðstoð við útgáfu: Eyjólfur Sturlaugsson og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir

© Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi

Umbrot: Komma Strik

Gefið út á Selfossi í nóvember 2019

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
FULLORÐINSFRÆÐSLA TEKUR Á SIG MYND	4
STOFNUN FRÆÐSLUNETSINS	5
Stofnaðilar Fræðslunetsins	6
Skipan stjórnar	6
STARFSMENN OG STJÓRNIR	7
Starfsmenn frá upphafi	7
Framkvæmdastjórnar frá upphafi:	8
Stjórnir	8
Formenn stjórnar frá upphafi:	9
STARFSSTÖÐVAR OG HÚSNÆÐI	10
Starfssvæði stækkar	10
Húsnæði	10
Austurvegur 56 á Selfossi	10
Iða á Selfossi	11
Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi - Oddi	12
Glaðheimar á Selfossi	12
Vallaskóli – Sandvík á Selfossi	12
Tónlistarskóli Rangæinga/Hvolsskóli	12
Fjölmenntarhúsið Eyravegi 67 á Selfossi	12
Fjölheimar	12
Vík og Kirkjubæjarklaustur	13
Nýheimar á Höfn	14
Hella	14
Annað kennsluhúsnæði	14
Leitað lausna	14
FRÆÐSLUSTARFSEMI	15
Námsframboð	15
Námsleiðir	15
Íslenska fyrir útlendinga	16
Atvinnutengd námskeið	16
Tómstundanámskeið	16
Náms- og starfsráðgjöf	17
Raunfærnimat	17
Nám fyrir fatlað fólk	18
Virkninámskeið - fyrir fólk utan vinnumarkaðar	18
Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir	18
Þróunarstarf	19
Fjarkennsla og dreifnám	19
Fjarkennsla Fræðslunetsins	19
Fjarkennsla háskóla	20
Önnur þjónusta við fjarnema	21

ÖNNUR STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA	22
Bókhaldsþjónusta og endurskoðun reikninga	22
Afgreiðsla og skráning.....	22
Vefsíða og netkerfi.....	22
Viðurkenndur Fræðsluaðili	22
Ný skipulagsskrá	23
Stefnumörkun og firmamerki	23
Markviss	23
Gæðaviðmið EQM og EQM+	23
Kynningarstarf og kynningarefni	24
Menntaverðlaun Suðurlands	24
Kvasir og Leikn.....	25
Ráðstefnur.....	25
Þróunarverkefni og styrkir	25
Styrkir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu	26
Verkefni og nýsköpunar- og þróunarstyrkir úr þróunarsjóði framhaldsfræðslu....	26
Verkefni og styrkur frá þróunarfjárfélagi hrossaræktarinnar	27
Verkefni og styrkur frá Fjölmennt símenntunar- og þekkingarmiðstöð.....	27
Styrkir frá Erasmus+	27
Verkefni og styrkur frá Velferðarráðuneytinu.....	27
Þróunarverkefnið IPA	27
Styrkir frá Starfsmenntaráði	28
Styrkur frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga	28
Sunnan3 - tilraunaverkefni	28
Vika símenntunar	28
SAMNINGAR UM FRÆÐSLU	29
Samningar við mennta- og menningarmálaráðuneyti.....	29
Samningar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	29
Samningur við Háskólann á Akureyri	29
Samningur við MS á Selfossi	29
Samningur við Heilbrigðisstofnun Suðurlands	29
Samningur við Sveitarfélagið Árborg.....	30
Samningar við Starfsmennt í Reykjavík	30
Samningar við Vinnumálastofnun	30
Samningur við Fjölmennt.....	30
Samningur við Þjónusturáð Suðurlands í málefnum fatlaðra	30
Samningar við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	30
Samningur við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar.....	31
BÆKUR OG RIT	31
VÍSINDASJÓÐUR	32
Núverandi styrktaraðilar Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands	33
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	34
HEIMILDIR	36

1 INNGANGUR

Stutt yfirlit um sögu Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi frá stofnun þess til ársins 2018 er viðfangsefnið í þessari samantekt. Frá því Fræðslunetið var stofnað hefur starfsemi þess snúist um fullorðinsfræðslu af ýmsu tagi og starfssvæðið verið Suðurland.

Það dylst ekki Íslendingi að margt fullorðið fólk hefur löngum stundað bóklestur og annað nám í frístundum sínum, oft stopulum, sjálfu sér til þroska og ánægju eða til að ná betri tókum á tilverunni. Öðru máli gegnir aftur á móti um skipulagða fullorðinsfræðslu en hana má engu að síður rekja að minnsta kosti aftur fyrir miðja tuttugustu öld, s.s. til tungumálakennslu Ríkisúthvarpsins, kennslu Bréfaskóla Sambands íslenskra samvinnufélaga og námskeiða námsflokka í Reykjavík og víðar um land. Síðari hluta aldarinnar jókst framboð skóla, samtaka, ýmissa félaga og fleiri til muna á formlegu sem óformlegu námi fyrir fullorðna en stór hluti þessa náms var ósamhæfur að öllu leyti.

Hugtakið fullorðinsfræðsla er hér notað um hvers konar skipulagt nám fyrir fullorðið fólk utan sem innan hins formlega skólakerfis.

Nær alla 20. öld giltu engin sérstök lög um fullorðinsfræðslu í landinu en í lögum um framhaldsskóla frá 1988 er í tveimur greinum kveðið á um fullorðinsfræðslu. Þar

segir að framhaldsskólum sé heimilt að starfrækja öldungaeildir ætlaðar fólki sem ekki hentar að sækja reglubundna kennslu. Jafnframt er skólunum leyfilegt samkvæmt lögum að bjóða endurmenntunarnám í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og fleiri. Kennsla í öldungaeildum á sér þó mun lengri sögu eða allt aftur til ársins 1972 og farskólarnir, sem sinntu margvíslegri fullorðinsfræðslu, voru starfræktir við flesta framhaldsskólana í byggðum landsins. Þeir voru stofnaðir um líkt leyti eða líflu síðar en lög in voru sett og störfuðu um nokkurra ára bil.

Fyrstu lög in, sem í heild snúast um fullorðinsfræðslu, eru Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu frá 1992. Markmið þeirra er að hvetja til meiri starfsmenntunar

í þeim tilgangi að „stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi,“ eins og þar segir meðal annars. Frá sama ári eru Lög um almenna fullorðinsfræðslu sem var ætlað að stuðla að jafnrétti fullorðins fólks til þess að afla sér menntunar.

Það er svo með framhaldsskólalögum, sem samþykkt voru 1996, að framhaldsskólunum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að standa að stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og fleiri. Í kjölfarið urðu símenntunarmiðstöðvarnar til hver af annarri um allt land.

Vaxandi skilningur er á því að fræðsla og menntun tilheyri ekki lengur sérstöku aldursskeiði, fólk mennti

sig ekki í eitt skipti fyrir öll. Þessum skilningi vex verulega fiskur um hrygg um og upp úr síðustu aldamótum. Símenntun, að fólk mennti sig allt lífið, fer að þykja bæði sjálfsagt og eðlilegt enda byggist vöxtur fólks og atvinnulífs meðal

annars á henni. Hið opinbera og aðrir aðilar vinnu- markaðarins taka nú að leggja rækt við símenntun og endurnýjun á menntun fullorðins fólks og almenningur vaknar til vitundar. Um þær mundir er skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem vinnur heildarstefnumótun í símenntun sem ríkisstjórnin samþykkir og gerir að stefnu sinni. Í stefnu samtaka í atvinnulífinu, atvinnurekenda og launafólks, er þessi hugsun áberandi og ákvæði um starfsmenntun eða símenntun fyrir launafólk eru sett í almenna kjarasamninga á þessum árum.

Með samningum aðila vinnu- markaðarins og ríkisins samdist um fé til að verja í fullorðinsfræðslu. Í þessari deiglu var unnið að stofnun Fræðslumiðstöðvar

” Símenntun, að fólk mennti sig allt lífið, fer að þykja bæði sjálfsagt og eðlilegt enda byggist vöxtur fólks og atvinnulífs meðal annars á henni.

atvinnulífsins (FA) sem tók formlega til starfa árið 2003. Sama ár er gerður fyrsti þjónustusamningur FA og menntamálaráðuneytisins þar sem helstu verkefni FA eru skilgreind. Þar er Fræðslumiðstöðinni ætlað það hlutverk meðal annars að sinna þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskóla og innflytjendum óháð búsetu. Einnig skyldi FA styðja fræðsluaðila, m.a. símenntunarmiðstöðvarnar, við að skilgreina menntunarþarfir og útbúa framboð á námi fyrir áður nefndan hóp. Þar sem samist hafði um það milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins að verja opinberu fé til fullorðinsfræðslu fylgdu fjármunir þessum þjónustusamningi sem gerði FA kleift að sinna hlutverki sínu, m.a. með framlögum til símenntunarmiðstöðvanna sem höfðu nú verið stofnaðar í öllum landshlutum.

Hér hefur verið hlaupið í mjög grófum dráttum yfir þróun fullorðinsfræðslunnar en nú leið að meginbreytingum. Árið 2010 voru samþykkt á Alþingi Lög um framhaldsfræðslu en með því stóra skrefi varð til

opinber, formleg stefna í málaflokknum og skýr ábyrgð hins opinbera á honum. Þeim er ætlað að veita fólki á vinnumarkaði, sem hefur stutta formlega skólagöngu, viðeigandi tækifæri til náms og auðvelda því að hefja nám að nýju, eins og segir í lögnum, og þar með er með lögum náð til þess hóps fólks sem á einn eða annan hátt hafði orðið viðskila við skólakerfið. Þessa skilgreiningu á markhópi laganna verður að hafa í huga og þar með að þau ná ekki til fullorðinsfræðslu í víðasta skilningi.

Lögin um framhaldsfræðslu festa í raun í sessi kerfi sem hafði mótast á undangengnum árum í starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ýmissa fræðsluaðila, þar á meðal símenntunarmiðstöðvanna. Lög um fræðslu, sem stendur utan hins hefðbundna skólakerfis, eru orðin til og jafnframt það sem hefur verið kallað fimmta stoð menntakerfisins á Íslandi.

2

FULLORÐINSFRÆÐSLA TEKUR Á SIG MYND

Í Lögum um framhaldsskóla frá 1996 er kveðið á um að stofna megi með samþykki menntamálaráðherra fullorðinsfræðslumiðstöð.

Eins og fram hefur komið voru farskólar starfandi á Íslandi í um það bil áratug áður en símenntunarmiðstöðvar urðu til. Farskóli Suðurlands var einn þessara skóla en hann var stofnaður haustið 1989 og starfaði á ábyrgð Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu).

Hlutverk Farskólans var að skipuleggja námskeið fyrir fullorðna og eins og nafnið gefur til kynna, skyldu námskeiðin haldin á mismunandi stöðum á Suðurlandi eftir ástæðum.

Strax sama haust og skólinn var stofnaður var gefinn út bæklingur með námsframboði hans sem dreift var um fjórðunginn. Framboðið samanstóð af tólmstundanámi eða atvinnutengdu námi sem síðan einkenni námsframboð skólans þau 10 ár sem hann starfaði. Sem dæmi um atvinnutengt nám má nefna

námskeið fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og starfsfólk á leikskólum, námskeið fyrir vistforeldra í sveitum og stórt námskeið í svæðisleiðsögn, sem var það fyrsta sinnar tegundar á Suðurlandi, og íslensku-námskeið fyrir útlendinga. Undir tólmstundahlutann

flokkast starfslokánámskeið og námskeið um hollustufæði og heilbrigðan lífsstíl sem var vaxandi viðfangsefni almennings á þessum tíma. Þegar fram liðu stundir urðu tölvunámskeið af ýmsu tagi algeng. Námskeiðin voru haldin víða á Suðurlandi

allt frá Þorlákshöfn í vestr til Kirkjubæjarklausturs í austri enda var starfssvæði Farskólans hið sama og Fjölbrautaskólans.



Farskóli Suðurlands var einn þessara skóla en hann var stofnaður haustið 1989 og starfaði á ábyrgð Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu).

Farskólar höfðu sjálfstæðan fjárhag innan framhaldsskólanna og var rekstrarkostnaði þeirra mætt með námskeiðsgjöldum og styrkjum ásamt því að menntamálaráðuneytið greiddi laun skólastjóra þeirra sem nam hálfu starfi.

Menntamálaráðuneytið hætti fjárstuðningi við farskóla árið 1997 af samkeppnisástæðum. Í Lögum um framhaldsskóla frá 1996 er kveðið á um að stofna megi með samþykki menntamálaráðherra fullorðinsfræðslu-

miðstöð „í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmun- og áhugahópa.“ Næstu árin voru fullorðinsfræðslumiðstöðvar, eins og segir í lögnum, stofnaðar í öllum landshlutum, þar á meðal Fræðslunet Suðurlands sem má skoðast sem eins konar arftaki Farskólans. Þessar miðstöðvar hafa yfirleitt gengið undir nafninu símenntunarmiðstöðvar.

3

STOFNUN FRÆÐSLUNETSINS

Dómsmálaráðherra staðfesti skipulagsskrána 29. október 1999. Stofnaðilar Fræðslunetsins voru þrjátíu og fjórir og stofnframlög þeirra alls kr. 2.726.500.

Sunnlendingar hugsuðu sér ekki að sitja hjá við þessar aðstæður. Jón Hjartarson, þáverandi fræðslustjóri Suðurlands, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Sigurður Sigursveinsson, skólameistari FSu og Örlygur Karlsson aðstoðarskólameistari áttu frumkvæðið að undirbúningsvinnunni sem leiddi til stofnunar Fræðslunetsins. Ljóst var að vegna stjórnvaldsákvæðna átti Farskólinn ekki framtíð fyrir sér en aftur á móti opnaðist leið til áframhaldandi fullorðinsfræðslu með ákvæðum áðurnefndra framhaldsskólalaga. Eftir ráðagerðir þeirra fjórmenna framman af ári 1998 um stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðvar, sem tæki við af Farskólanum, fengu þeir inni á ársþingi SASS þá um haustið þar sem Jón kynnti hugleiðingar þeirra og þá möguleika sem sköpuðust fyrir Sunnlendinga með lögnum. Sunnlenskir sveitarstjórnarmenn sýndu málinu mikinn áhuga. Þetta sama haust stofnaði stjórn SASS til nefndar, svokallaðrar háskólanefndar, sem vinna skyldi að undirbúningi háskólanáms á Suðurlandi. Nefndin var skipuð Jóni Hjartarsyni, Þorvarði Hjaltasyni, Sigurði Sigursveinssyni, Þorláki Helgasyni, fræðslustjóra Árborgar og Fannari Jónssyni frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands. Könnun, sem nefndin fól Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri að gera, sýndi að áhugi Sunnlendinga á frekari námstækifærum í heimabyggð var mikill. Í sem stystu máli varð niðurstaða nefndarinnar sú að stofna sjálfseignarstofnun sem sinna myndi símenntun og háskólamenntun.



Frá undirbúningsfundi að stofnun Fræðslunetsins 31. maí 1999.

Háskólanefndin hélt undirbúningsstofnfund 31. maí 1999 í FSu þar sem mættir voru 30 áhugamenn um fjölbreyttari leiðir til menntunar á Suðurlandi. Á fundinum var kosin sérstök undirbúningsnefnd og jafnframt samþykkt tillaga þar sem henni var falið „að undirbúa formlega stofnfund „fræðslumiðstöðvar Suðurlands“ og annast framkvæmd hans 28. ágúst 1999, skráningu stofnfélaga og stofnframlaga, gera fjárhagsáætlun fyrir 1999 og gera drög að starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Fundurinn heimilar nefndinni að gera nauðsynlegar ráðstafanir, hvað varðar fjármál og starfsmannahald, til að koma þessum verkefnum í framkvæmd.“ Undirbúningsnefndin starfaði ötulllega að framgangi þessarar tillögu og tæplega mánuði síðar,

eða 23. júní, eru lögð fram á fundi nefndarinnar drög að skipulagsskrá væntanlegrar fræðslumiðstöðvar, drög að námskeiðum sem halda skyldi haustið 1999 og drög að bréfi til fyrirtækja á Suðurlandi þar sem kynnt er þessi stofnun sem er í burðarliðnum og væntanleg endurmenntunarbýgnusta hennar. Það er kominn skriður á málin.



Frá stofnfundi Fræðslunetsins.

Undirbúningsnefnd hafði velt fyrir sér ýmsum nöfnum á þessa nýju stofnun, s.s. Náma – fræðasetur, Menntasetrið Oddi og Fróði en ofan á varð að þessi nýja full-orðinsfræðslumiðstöð skyldi heita Fræðslunet Suðurlands. Nú styttist í stofnfund og á degi símenntunar 28. ágúst 1999 var Fræðslunetið stofnað eins og stefnt var að og skipulagsskrá þess samþykkt með undirskrift stofnaðila. Stofnfundurinn fór fram í Fjölbrautaskóla Suðurlands að menntamálaráðherra viðstöddum.

Dómsmálaráðherra staðfesti svo skipulagsskrána réttum tveimur mánuðum síðar eða 29. október 1999. Stofnaðilar Fræðslunetsins voru þrjátíu og fjórir og stofnframlög þeirra alls kr. 2.726.500.

STOFNAÐILAR FRÆDSLUNETSINS

Atorka – samtök atvinnurekenda á Suðurlandi

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands

Biskupstungnahreppur

Búnaðarsamband Suðurlands

Djúpárhreppur

Dvalarheimilið Ás

Félag eldri borgara á Selfossi

Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Garðyrkjuskóli ríkisins

Gaulverjabæjarhreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Heilsustofnun NLFÍ

Héraðssambandið Skarphéðinn

Holta- og Landsveit

Hraungerðishreppur

Hveragerðisbær

Hvolhreppur

Kaupfélag Árnesinga

Kjörís (Hveragerði)

Menntaskólinn að Laugarvatni

Mjólkurbú Flóamanna

Mýrdalshreppur

Rangárvallahreppur

Samband sunnlenskra kvenna

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Sjúkraliðafélag Íslands, Suðurlandsdeild

Skaftárhreppur

Sunniðn

Sveitarfélagið Árborg

Tölvu- og rafeindapjónustan (Selfossi)

Verkalýðsfélagið Þór

Verslunarmannafélag Árnessýslu

SKIPAN STJÓRNAR

Á fundi undirbúningsnefndar 17. ágúst 1999 var samþykkt að eftirtaldir aðilar tilnefni einn fulltrúa hver í stjórn eða eins og segir í fundargerðinni: „Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Fjölbrautaskóli Suðurlands, félag vinnuveitenda/vinnuveitendur sem aðild eiga að miðstöðinni, félag launafólks sem aðild eiga að miðstöðinni og menntastofnanir, aðrar en FSu, sem aðild eiga að miðstöðinni.“ Á fundi nefndarinnar viku seinna eða 24. ágúst er eftirfarandi breytingartillaga samþykkt: „Í stað þess að aðrar menntastofnanir en FSu tilnefni 1 fulltrúa í stjórn, tilnefni aðrir aðilar sameiginlega, sem aðild eiga að stofnuninni, 1 fulltrúa í stjórn.“ Með þessari breytingu var náð til breiðari hóps stofnaðila.

4

STARFSMENN OG STJÓRNIR

Starfsmenn Fræðslunetsins hafa verið tuttugu og átta og eru þá allir taldir hvort sem um fullt starf eða hlutastarf er að ræða.

Eftir stofnfund Fræðslunetsins var starf framkvæmdastjóra auglýst í fjölmiðlum. Alls bárust sjö gildar umsóknir um stöðuna. Á fundi sínum 9. nóvember fjallaði stjórnin um umsóknirnar og ákvað að ráða Jón Hjartarson úr hópi umsækjenda sem framkvæmdastjóra en þeirri stöðu gegndi hann til ársins 2005. Hann var lengstum eini starfsmaður Fræðslunetsins frá stofnun þess 1999 til vorsins 2003. Jón var verkefnastjóri hjá Fræðslunetinu frá 2005 og fram í maí 2007 en þá lét hann af störfum.



Fyrstu tveir starfsmenn Fræðslunetsins, Jón Hjartarson framkvæmdastjóri og Eyvindur Bjarnason.

Starfsmenn Fræðslunetsins þann tíma, sem þessi yfirlitssaga tekur til, hafa verið tuttugu og átta og eru þá allir taldir hvort sem um fullt starf eða hlutastarf er að ræða. Starfslýsingar eru skrifaðar fyrir öll störf ráðinna starfsmanna þar sem tilgreind er ábyrgð þeirra og verkefni eftir starfsheitum sem eru sex: framkvæmdastjóri, verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi, ritari, ræstingar og kvöldgæsla. Fyrir starfmannahópnunum fer framkvæmdastjórinn sem annast daglegan rekstur og er ábyrgur fyrir honum gagnvart stjórn. Þá skal hann sjá til þess að margvíslegum stefnumálum stofnunarinnar sé framfylgt og gæta hagsmuna hennar í öllum atriðum. Við ráðningu starfsfólks er miðað við að það hafi háskólamenntun sem gagnast störfunum eða aðra þá menntun og reynslu sem nýtist í starfi.

Í starfslýsingunum er kveðið á um að allir starfsmenn skuli sækja símenntun og sinna starfsþróun. Það er

því mikilvægur hluti af starfsskyldum þeirra að sækja námskeið, málþing og ráðstefnur sem mættu verða að gagni fyrir starfseminna. Þá skulu allir starfsmenn gæta trúnaðar og þagmælsku samkvæmt lögum og eðli máls.

Með fjölgun starfsfólks og vaxandi umsvifum voru teknir upp reglulegir og formlegir starfsmannafundir þar sem haldin er fundargerð. Í nokkur undanfarin ár hefur verið nauðsynlegt að nýta fjarfundatæknina við fundahaldið vegna stærðar starfssvæðisins.

Stefna Fræðslunetsins er sú að ráða réttindakennara til að kenna og leiðbeina á námskeiðum ef unnt er. Sum námskeið og einstakir námsþættir kalla hins vegar á það mikla sérþekkingu að ráða þarf faglærða sérfræðinga sem leiðbeinendur og er þá jafnan reynt að gæta þess að þeir hafi reynslu af fræðslu. Engir fastráðnir leiðbeinendur eða kennarar hafa verið við Fræðslunetið heldur eru gerðir verktakasamningar við hvern og einn sem innihalda ákvæði um launakjör og lýsingu á skyldum og ábyrgð þeirra með áherslu á gæði kennslunnar.

STARFSMENN FRÁ UPPHAFI

- Jón Hjartarson, framkvæmdastjóri/verkefnastjóri (1999 – 2007)
- Eyvindur Bjarnason (1999 – 2000)
- Ásmundur Sverrir Pálsson, verkefnastjóri/framkvæmdastjóri (2003 – 2015)
- Eyrún Óskarsdóttir, umsjón með síðdegis- og kvöldnámskeiðum (2005 – 2006)
- Þrúður Helgadóttir, umsjón með síðdegis- og kvöldnámskeiðum (haustönn 2006)
- Sólveig R. Kristinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og síðar einnig verkefnastjóri (2006 -)
- Eydís Katla Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og síðar einnig verkefnastjóri (2006 -)
- Árdís Dóra Óskarsdóttir, ritari og umsjón með síð-

- degis- og kvöldnámskeiðum (2007 – 2016)
- Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, verkefnastjóri á Hvolsvelli og Selfossi (2007 -)
- Sandra D. Gunnarsdóttir, verkefnastjóri (2011 -)
- Raket Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri (2012 – 2015), fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks
- Sigríður Erna Kristinsdóttir, ræsting (2012 -)
- Kristina Tyscenko, störf í afgreiðslu, umsjón með kaffistofu o.fl. (2013 - 2014), sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands
- Árni Rúnar Þorvaldsson, verkefnastjóri í Vík (2013 – 2014)
- Nína Síbyl Birgisdóttir, verkefnastjóri á Höfn (2014 – 2015; 2016 – 2017), sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands fyrra tímabilið
- Magnhildur Björk Gísladóttir, verkefnastjóri á Höfn (vorönn 2014)



Starfsfólk Fræðslunetsins í desember 2008.

- Málfríður Erna Samúelsdóttir, verkefnastjóri (2013 - 2014; 2015) fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks
- Margrét Gauja Magnúsdóttir, verkefnastjóri á Höfn (2014 - 2016)
- Oddný Gísladóttir, móttökuritari (2014 -)
- Áslaug Einarsdóttir, verkefnastjóri í Vík (2015 -)
- Lilja Össurardóttir, verkefnastjóri (2015 -) fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks
- Eyjólfur Sturlaugsson, framkvæmdastjóri (2016 -)
- Eyrún Unnur Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á Höfn (2016 - 2018)

- Júlíana Gústafsdóttir Eriksson, félagsliði (2016 – 2017)
- Ottó Valur Ólafsson, verkefnastjóri (2017)
- Viktor Valur Carlsen, starfsmaður í kvöldgæslu (2017 -)
- Dýrfinna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri (2018 -)
- Sædis Ösp Valdemarsdóttir, verkefnastjóri á Höfn (2018 -)

FRAMKVÆMDASTJÓRAR FRÁ UPPHAFI:

- Jón Hjartarson 1999 – 2005
- Ásmundur Sverrir Pálsson 2005 – 2015
- Eyjólfur Sturlaugsson (2016 -)

STJÓRNIR

Eftirtaldir voru í fyrstu stjórn Fræðslunetsins:

- Örlygur Karlsson, tilnefndur af FSu
- Þorvarður Hjaltason, tilnefndur af SASS
- Guðfinna Ólafsdóttir, tilnefnd af stéttarfélagum á Suðurlandi
- Gunnar Bragi Þorsteinsson, tilnefndur af Atorku-samtökum atvinnurekenda á Suðurlandi
- Sveinn Aðalsteinsson, tilnefndur af öðrum sem eiga aðild að Fræðslunetinu

Samkvæmt skipulagsskrá skiptir stjórn sjálf með sér verkum. Stjórnin hélt sinn fyrsta fund 13. október 1999. Á fundinum var Þorvarður Hjaltason kosinn *formaður* og Örlygur Karlsson *varaformaður*.

Eftirfarandi samantekt sýnir þær hreyfingar sem orðið hafa á stjórn á tímabilinu:

Þann 21. mars 2000 tekur Margrét Einarsdóttir sæti Þorvarðar Hjaltasonar í stjórninni sem fulltrúi SASS. Örlygur Karlsson var kosinn formaður og Sveinn Aðalsteinsson varaformaður.

Þann 28. september 2000 tekur Sigríður Jensdóttir sæti Guðfinnu Ólafsdóttur sem fulltrúi stéttarfélaganna. Næstu árin skipta Sigríður og Guðfinna með sér stjórnarsetu.

Þann 7. nóvember 2001 tekur Guðfinna Ólafsdóttir sæti Sigríðar Jensdóttur sem fulltrúi stéttarfélaganna.

Þann 11. júní 2002 tekur Sigurður Sigursveinsson sæti Örlygs Karlssonar sem fulltrúi FSu. Sveinn Aðalsteinsson var á þessum fundi kosinn formaður og Sigurður Sigursveinsson varaformaður.

Þann 2. október 2002 tekur Gylfi Þorkelsson sæti Margrétar Einarsdóttur sem fulltrúi SASS.

Þann 27. nóvember 2002 tekur Sigríður Jensdóttir sæti Guðfinnu Ólafsdóttur sem fulltrúi stéttarfélaganna.

Þann 26. ágúst 2003 tekur Örlygur Karlsson sæti Sigurðar Sigursveinssonar sem fulltrúi FSu. Örlygur kosinn formaður og Sveinn Aðalsteinsson varaformaður.

Í október 2003 tekur Guðfinna Ólafsdóttir sæti Sigríðar Jensdóttur sem fulltrúi stéttarfélaganna.

Þann 14. september 2005 tekur Sigurður Sigursveinsson sæti Örlygs Karlssonar sem fulltrúi FSu. Á stjórnarfundinum var Sigurður kosinn formaður.

Þann 14. nóvember 2006 situr Sveinn Aðalsteinsson sinn síðasta stjórnarfund. Magðalena Jónsdóttir (Samband sunnlenskra kvenna) tekur sæti Sveins sem fulltrúi annarra sem eiga aðild að Fræðslunetinu. Anna Fríða Bjarnadóttir tekur sæti Sigurðar Sigursveinssonar sem fulltrúi FSu. Gylfi Þorkelsson var kosinn formaður og Gunnar Bragi Þorsteinsson varaformaður.

Þann 10. nóvember 2010 tekur Ingvar Pétur Guðbjörnsson sæti Gylfa Þorkelssonar sem fulltrúi SASS. Jafnframt tekur Gylfi sæti Önnu Fríðu Bjarnadóttur sem fulltrúi FSu og er formaður áfram.



Starfsfólkið á vorönn 2019.

Þann 15. des. 2010; 26. jan., 26. sept., 14. nóv. 2012; 17. apríl 2013; 25. mars 2014; 16. des. 2015 situr Guðríður Aadnegaard (Héraðssambandið Skarphéðinn) stjórnarfundum sem varamaður Magðalenu Jónsdóttur.

Í mars 2011 tekur Þór Hreinsson sæti Guðfinnu Ólafsdóttur sem fulltrúi stéttarfélaganna.

Þann 28. mars, 28. júní, 19. des. 2012; 17. apríl, 28. maí, 25. sept. 2013; 22. jan., 25. mars 2014 situr

Arna Ír Gunnarsdóttir (SASS) stjórnarfundum sem varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar.

Þann 5. nóvember 2014 tekur Elín Einarsdóttir sæti Ingvars Péturs Guðbjörnssonar sem fulltrúi SASS.

Þann 15. mars 2016 tók Sigursveinn Már Sigurðsson sæti Gylfa Þorkelssonar sem fulltrúi FSu og Laufey Ósk Magnúsdóttir sæti Gunnars Braga Þorsteinssonar sem fulltrúi Atorku. Á fundinum var Sigursveinn Már kosinn formaður stjórnar og Laufey Ósk varaformaður.

Þann 2. september 2018 tók Gunnar Þorgeirsson sæti Elínar Einarsdóttur sem fulltrúi SASS.

FORMENN STJÓRNAR FRÁ UPPHAFI:

- Þorvarður Hjaltason 1999-2000
- Örlygur Karlsson 2000-2002
- Sveinn Aðalsteinsson 2002-2003
- Örlygur Karlsson 2003-2005
- Sigurður Sigursveinsson 2005-2006
- Gylfi Þorkelsson 2006-2015
- Sigursveinn Már Sigurðsson 2016-

Þeir sem hafa setið fundum stjórnar Fræðslunetsins sem aðalmenn eða varamenn frá stofnun til ársins 2018 eru:

Þorvarður Hjaltason (SASS), Örlygur Karlsson (FSu), Margrét Einarsdóttir (SASS), Sveinn Aðalsteinsson (aðrir með aðild að Fræðslunetinu), Guðfinna Ólafsdóttir (stéttarfélagin), Sigríður Jensdóttir (stéttarfélagin), Gunnar Bragi Þorsteinsson (Atorka - samtök atvinnurekenda á Suðurlandi), Sigurður Sigursveinsson (FSu), Gylfi Þorkelsson (SASS/FSu), Magðalena Jónsdóttir (aðrir með aðild að Fræðslunetinu), Anna Fríða Bjarnadóttir (FSu), Ingvar Pétur Guðbjörnsson (SASS), Þór Hreinsson (stéttarfélagin), Guðríður Aadnegaard (aðrir með aðild að FnS), Arna Ír Gunnarsdóttir (SASS), Elín Einarsdóttir (SASS), Sigursveinn Már Sigurðsson (FSu) og Laufey Ósk Magnúsdóttir (Atorka).

Samkvæmt skipulagsskrá ber stjórn „ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum“ Fræðslunetsins og „skal annast um að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi.“

Frá árinu 1999 til 2018 hefur stjórn alls haldið 132 fundum eða að jafnaði sex til sjö fundum á ári. Styrkur Fræðslunetsins liggur meðal annars í því úr hvaða samfélagslega umhverfi stjórnarmenn koma og hve mikil eindrægni og samstaða hefur alla tíð ríkt innan hennar um sameiginlega hagsmuni stöðvarinnar og Sunnlendinga.

5

STARFSSTÖÐVAR OG HÚSNÆÐI

Frá stofnun og til ársins 2013 náði starfssvæði Fræðslunetsins til Árnassýslu, Rángárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Árið 2014 varð breyting á þar sem Austur-Skaftafellssýsla bættist við starfssvæðið.

STARFSSVÆÐI STÆKKAR

Fljótlega eftir að Sveitarfélagið Hornafjörður sagði skilið við Samband sveitarfélaga á Austurlandi og gekk í sunnlensku samtökin, hófust viðræður Hornfirðinga við Fræðslunetið og Háskólafélag Suðurlands um framtíð fullorðins- og framhaldsfræðslu og háskólanáms sem hafði verið undir hatti Þekkingarnets Austurlands, síðar Austurbrúar. Hornfirðingar sýndu áhuga á að ganga til liðs við félögin og mennta- og menningarmálaráðuneytið beitti sér fyrir því að svo mætti verða. Stjórn Fræðslunetsins lagði alla tíð mikla áherslu á að áður en hún samþykkti aðild Hornfirðinga og þar með stækkun starfssvæðisins að mennta- og menningarmálaráðuneytið yki framlag til Fræðslunetsins. Eftir nokkrar viðræður við ráðuneytið fannst lausn sem stjórnin gat fellt sig við.

Á haustmánuðum 2013 barst svo formleg umsókn Hornfirðinga um aðild að Fræðslunetinu sem var undirrituð af Afli starfsgreinafélagi, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu og Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Hornafirði. Umsóknin var tekin fyrir sem fyrsta mál á fundi stjórnar 22. janúar 2014.

Í bókun stjórnar í fundargerð er bent á að lausn ráðuneytisins um fjárframlag taki einungis til ársins 2014 og því leggi hún áherslu á „að aðilar málsins, umsækjendur og mennta- og menningarmálaráðuneytið, leggist á eitt með stjórn Fræðslunetsins að vinna að stefnumótun um framhaldsfræðslu í Sveitarfélaginu Hornafirði og tryggja fjármögnun þess á fjárlögum. Í trausti þess samþykkir stjórn umsókn Hornfirðinga að Fræðslunetinu.“

Austurbrú hafði tvo starfsmenn á Höfn sem sinntu fullorðins- og framhaldsfræðslu og þjónustu við fjarnema í háskólanámi. Þegar innganga Hornfirðinga í Fræðslunetið var um garð gengin hafði annar þeirra ráðið sig annað en hinn réðu Fræðslunetið og

Háskólafélagið sameiginlega til starfa. Að samkomulagi varð að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og Fræðslunetið auglýstu í sameiningu eftir lærðum náms- og starfsráðgjafa sem myndi skipta með sér ráðgjöf hjá báðum stofnunum auk verkefnastjórnar hjá Fræðslunetinu. Auglýsingar báru ekki árangur en málin leystust með tímabundinni verkefnaráðningu og síðar fastráðningu starfsmanns í félagi við Framhaldsskólann.

HÚSNÆÐI

Á svo stóru svæði þurfti víða á húsnæði að halda undir starfseminna, fyrir kennslu, viðtöl og fasta starfsmenn. Grunnskólar, félagsheimili, fyrirtæki og fleiri á svæðinu hafa ævinlega verið fús að skjóta skjólshúsi yfir kennsluna og auk Selfoss urðu með tímanum til fastar starfsstöðvar á Hvolsvelli, Vík og á Höfn í Hornafirði.

Aðalstarfsstöð Fræðslunetsins hefur frá upphafi verið á Selfossi. Með örum vexti þrengdi húsnæði, sem Fræðslunetið hafði yfir að ráða þar, fljótt að starfsfólki og nemendum og stóð starfseminni um tíma verulega fyrir þrifum. Húsnæðismál urðu því viðvarandi úrlausnarefni þar til flutt var í Fjölheima við Tryggvagötu sem hýsa nú starfseminna á Selfossi.

” Með örum vexti þrengdi húsnæði fljótt að starfsfólki og nemendum og stóð starfseminni um tíma verulega fyrir þrifum.

AUSTURVEGUR 56 Á SELFOSSI

Fyrsta starfsstöð Fræðslunetsins á Suðurlandi var á Austurvegi 56 á Selfossi, 3. hæð. Þar leigði Fræðslunetið skrifstofu af Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi og aðgang að sal stéttarfélaganna á sömu hæð til að halda námskeið í. Jafnframt hafði Fræðslunetið aðgang að fundarsal á hæðinni undir stjórnarfundi og tilfallandi not af herberjum á 2. hæð hússins til kennslu. Fljótlega festi Fræðslunetið kaup á fjarkennslubúnaði sem var notaður í áður nefndum fundarsal. Þessa aðstöðu hafði Fræðslunetið frá 1999-2004.

IÐA Á SELFOSSI



Iða á Selfossi

Fljótlega hrökk aðstaðan á Austurvegi ekki til. Í bréfi, dagsettu 17. september 2001, til skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands rekur framkvæmdastjóri vöxt og viðgang Fræðslunetsins og segir að leiguhúsnæðið á Austurvegi sé þegar orðið ófullnægjandi. Fram kemur í bréfinu að fyrir dyrum standi bygging íþróttahúss við Fjölbrautaskólann með kennslustofum og fer framkvæmdastjóri fram á viðræður við skólameistara um möguleikann á því að Fræðslunetið fengi leigða aðstöðu í þessari nýju byggingu. Mál þróuðust þannig að árið 2004 flutti Fræðslunetið starfsemi sína í þetta hús sem fékk nafnið Iða. Við þetta rýmkaði verulega um starfsemi. Í Iðu hafði Fræðslunetið skrifstofu sem ætluð var tveimur starfsmönnum, litla kaffistofu/eldhús, geymslur og aðgang að nokkrum kennslustofum. Þá var íþróttasalur í Iðu með áhorfendabekkjum leigður nokkrum sinnum undir útskrift háskólanema.

Við byggingu Iðu ætluðust mál þannig að fyrir þrýsting heimamanna var kennslustofum fjölgað um tvær frá upphaflegum áætlunum. Þessar tvær kennslustofur voru ætlaðar Fræðslunetinu til fullra afnota en að auki hafði það jafnan aðgang að öðrum stofum í húsinu þegar kennslu Fjölbrautaskólans var lokið á daginn. Þetta fyrirkomulag kom sér vel fyrir starfsemi eins og hún var á þessum tíma. Fjarnemar í háskólanámi höfðu umræddar tvær stofur að mestu fyrir sig frá morgni til kvölds og um helgar þegar því var að skipta. Kennsla á námskeiðum Fræðslunetsins fór þá mest fram seinnipart dags og á kvöldin.

Árið 2006 réð Fræðslunetið náms- og starfsráðgjafa í hlutastarf. Ráðgjafarnir bjuggu við þrönga aðstöðu ásamt öðrum starfsmönnum á skrifstofunni í Iðu og þurftu auk þess á að halda lokuðu afdrepi til viðtala. Til að leysa þessa þörf eins og hægt var við þessar aðstæður var útbúin vinnuástaða til bráðabirgða fyrir ráðgjafana í kaffistofunni. Á þessum tíma voru starfsmenn orðnir fimm og þurftu að deila með sér lítilli skrifstofu og kaffistofu sem að hluta til var notuð sem aðstaða fyrir ráðgjafana og skjólstæðinga þeirra eins og áður segir. Úr þessu ástandi réttist tímabundið við það að náms- og starfsráðgjafarnir fengu vinnuástöðu í Gláðheimum þar sem Háskólafélag Suðurlands hafði starfsstöð.

” *Flutningur starfseminnar af Austurveginum yfir í Iðu gjörbreytti möguleikum Fræðslunetsins til þess að sinna hlutverki sínu.*



Áttahaganámskeið voru haldin í flestum sveitarfélögum Suðurlands á fyrstu árunum. Hér er mynd frá áttahaganámskeiði í Biskupstungum.

Þar sem námskeið Fræðslunetsins voru einkum haldin seinnihluta dags og á kvöldin féll námskeiðahaldið ágætlega að annarri starfsemi í húsinu. Ýmislegt, s.s. námskeið fyrir fólk sem missti atvinnu sína í hruninu,

og stærrí og viðameiri námskeið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, varð til þess að kröfur til Fræðslunetsins um námskeiðahald á dagtíma jukust. Með nánú samstarfi við Fjölbrautaskólann og góðu skipulagi tókst að nokkru að mæta dagtímaþörfinni og þar með stóð skólalahl Fræðslunetsins orðið frá því klukkan átta að morgni

fram á ellefta tímamann á kvöldin flesta virka daga.

Meðan Fræðslunetið hafði aðstöðu í Iðu, eða frá 2004 til 2012, var lengst af fjarkennslubúnaður í fjórum kennslustofum og því handhægt að stunda fjarnám og fjarkennslu enda voru fjarkennslutækin mikið notuð.

Flutningur starfseminnar af Austurveginum yfir í Iðu gjörbreytti möguleikum Fræðslunetsins til þess að sinna hlutverki sínu og segja má að nýr kafli hafi hafist í fullorðins- og framhaldsfræðslu á staðnum. Engu að síður leið nú að því að vaxtarmöguleikar Fræðslunetsins í Iðu væru á enda; þrengsli á skrifstofu hömluðu fjölgun starfsfólks, sem ekki varð hjá komist öllu lengur, og aðstaða fyrir nemendur og kennslu dugði ekki lengur með góðu móti.

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS Á SELFOSSI - ODDI

Á Iðu-árunum kom nábylið við Fjölbrautaskólann sér vel. Framan af, eða áður en Fræðslunetið fjárfesti í nemendatölvum, voru tölvunámskeið haldin í tölvustofu skólans og öll árin fóru matreiðslunámskeið fram í kennslueldhúsi hans. Önnur verkleg námskeið, s.s. málsmíði og trésmíði af ýmsu tagi, voru haldin í Hamri, verknámshúsi Fjölbrautaskólans.

GLAÐHEIMAR Á SELFOSSI



Gláðheimar.

Háskólafélag Suðurlands hóf störf í Gláðheimum á Selfossi árið 2009. Í Gláðheimum hafði lengi verið starfræktur leikskóli og fór vel á því að áframhald yrði á skólastarfi

í húsinu. Um það samdist við félagið að náms- og starfsráðgjafar fengu starfsaðstöðu í húsnæðinu frá hausti þetta ár, skrifstofu og herbergi til hópráðgjafar. Fræðslunetið fékk einnig afnot af fjarkennslubúnaði og kennslustofu í Gláðheimum þegar kennslustofurnar í Iðu önnuðu ekki aðsókn á námskeið.

VALLASKÓLI – SANDVÍK Á SELFOSSI

Eftir tveggja ára dvöl í Gláðheimum fluttu náms- og starfsráðgjafarnir í Vallaskóla, Sandvíkurhúsnæðið, haustið 2011 en þá hafði kennslu í skólanum verið hætt. Þar komu ráðgjafarnir sér fyrir í tveimur skrifstofum í svokallaðri stjórnunarálmu skólans. Þar var rúmgóð og ágæt vinnuástaða.

Brátt leið að framkvæmdum í skólanum í samræmi við samþykkt bæjaryfirvalda í Árborg, um að gera þessa byggingu Vallaskóla að þekkingar- og fræðamiðstöð. Þegar framkvæmdirnar hófust fluttu ráðgjafarnir sig í kennslustofu í nýjstu viðbyggingu skólans og höfðu verið þar í rúmt ár áður en Fræðslunetið flutti með starfsemi sína þangað.

TÓNLISTARSKÓLI RANGÆINGA/HVOLSSKÓLI



Tónlistarskóli Rangæinga.

Starfsstöð Fræðslunetsins á Hvolsvelli var opnuð í húsnæði Tónlistarskóla Rangæinga, Vallarbraut 16, árið 2011. Um er að ræða skrifstofu fyrir starfsmann

og kennslustofu auk aðgangs að annarri aðstöðu í Hvolsskóla og Tónlistarskólanum eftir þörfum, s.s. sal og kennslueldhúsi. Kennslustofan var þegar búin fjarfundabúnaði en fljótlega keyptu Fræðslunetið og Háskólafélagið nýjan búnað og fullkomnari.

FJÖLMENNTARHÚSÍÐ EYRAVEGI 67 Á SELFOSSI

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir fatlað fólk var stofnuð í Reykjavík árið 2002 og frá sama ári var starfrækt útibú miðstöðvarinnar á Selfossi. Árið 2012 gerðu Fjölmennt og Fræðslunetið með sér þjónustusamning um að Fræðslunetið tæki að sér símenntun fatlaðs fólks á Suðurlandi. Ráðinn var verkefnastjóri yfir fræðslunni sem hafði til að byrja með starfsaðstöðu í útibúinu á Eyravegi. Á Eyraveginum var góð skrifstofa fyrir starfsmann, kennslustofur og kennslueldhús. Þar fór mestur hluti fræðslunnar fram næstu mánuði eða þangað til Fræðslunetið flutti með starfsemi sína í Fjölheima við Tryggvagötu.

FJÖLHEIMAR



Fjölheimar við Tryggvagarð.

Sandvíkurskóli stendur í hjarta Selfossbæjar, gamall virðulegur grunnskóli sem hafði starfað í áratugi. Með samruna Sandvíkurskóla og Sólvallaskóla í Vallaskóla var

kennslu og annarri nýtingu Sandvíkurskóla smám saman hætt og leið nú að því að skólabyggingarinnar byði nýtt hlutverk.

Á fundi bæjarráðs Árborgar 25. nóvember 2010 var lögð fram tillaga um að bæjarráðið samþykki „að skoða möguleika á því, að húsnæði Vallaskóla við Sandvík verði gert að þekkingar- og fræðasetri, þegar og ef kennslu verður hætt í því árið 2011.“¹ Í greinargerð með tillögunni segir að þar megi hugsa sér að verði til húsa Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suður-

1 Helgi Haraldsson bæjarfulltrúi flutti tillöguna

lands og fleiri „sambærilegar stofnanir.“ Tillagan var samþykkt samhljóða. Þess má geta hér að á árdögum Fræðslunetsins höfðu framkvæmdastjóri þess og framkvæmdastjóri SASS haft augastað á Sandvíkurskóla sem framtíðarhúsnæði Fræðslunetsins.

Fljótlega hófust viðræður Fræðslunetsins og Háskólafélagsins við sveitarfélagið og hönnuði, Pro-Ark teiknistofuna á Selfossi, um væntanlegar breytingar á húsinu þannig að það mætti nýtast sem best félögunum báðum og annarri starfsemi sem fyrirhuguð var í húsnæðinu. Viðræður gengu greiðlega og samvinna við hönnuði um teikningar og útfærslur gekk vel enda voru allir áhugasamir um að vanda til verka - og nú hillti undir húsnæðislausn sem duga myndi Fræðslunetinu og nemendum þess lengi.



Fjölheimar voru teknir í notkun í janúar 2013. Myndin er tekin við formlega vígslu húsnæðisins.

Niðurstaða viðræðna varð sú að Háskólafélagið yrði formlegur leigjandi húsnæðisins og leigusamningur tæki til tíu ára. Leigusamningurinn var formlega undirritaður 12. september 2012.

Ljóst var að þessum vistaskiptum fylgdu miklar fjárfestingar í húsgögnum, tækjum og búnaði, sem samkvæmt leigusamningi kæmi í hlut leigjenda að kosta, svo sem borðum og stólum í kennslustofur og lesstofu, gardinum, tússtöflum, skjávörpum, nýjum beinum og nettengingum í allt húsið, símsstöð og húsgögnum í skrifstofur starfsfólks og önnur rými. Þá lá ljóst fyrir að það kæmi í hlut Fræðslunetsins að láta útbúa fullnægjandi kennslueldhús í samráði við Fjölmennt svo hægt væri að uppfylla markmið um búsetusjálftæði skjólstæðinga Fjölmenntar.

Fræðslunetið og Háskólafélagið leituðu tilboða hjá nokkrum fyrirtækjum sem höndla með húsgögn í kennslustofur, skrifstofur og önnur rými skólahúsnæðis. Lægsta tilboðið kom frá Pennanum í Reykjavík og var því tekið en það fól auk þess í sér flutning á húsgögnum austur á Selfoss, samsetningu þeirra og niðurröðun í húsið samkvæmt teikningum. Í desember voru flestar kennslustofur og allar skrifstofur tilbúnar

af hendi verktaka – og 18. desember komu starfsmenn Pennans austur með farminn og luku sínu verki fljótt og greiðlega.

Félögin bæði skiptu með sér kostnaði við þessar fjárfestingar eftir útreiknuðum hlutföllum og ekki fór hjá því að svo mikil útgjöld segðu til sín í rekstri Fræðslunetsins þetta ár sem og árið eftir.

Nýja húsnæðið var hannað eins og hægt var með tilliti til þarfa Fræðslunetsins og Háskólafélagsins og þeirra stofnana annarra sem fluttu starfsemi sína þangað. Í því voru upphaflega níu kennslustofur útbúnar með nútíma kennslutækjum til staðkennslu og fimm þeirra að auki með fjarkennslubúnaði, fullkomið kennslueldhús og handverksstofa með grunnáhöldum, góð lesstofa fyrir námsmenn hússins, sem er opin öðru fullorðnu námsfólki, og vinnuástaða fyrir kennara; tækjageymsla og tækjaherbergi. Öll skólastofuborð og stólar hæfa fullorðnum námsmönnum. Þá er í húsinu sameiginleg kaffistofa fyrir starfsfólk, rúmgóð kaffistofa fyrir námsmenn auk sameiginlegrar afgreiðslu fyrir stofnanir í húsinu. Allir starfsmenn hafa nú góðar skrifstofur til afnota auk funda- og viðtalsherbergja. Við hönnun hússins var vel hugsað fyrir aðgengi fatlaðra námsmanna Fræðslunetsins.

Í janúar 2013 voru flutningar á meginstarfsemi Fræðslunetsins í nýja húsið afstaðnir að undanskilinni svokallaðri stjórnunarálmu hússins sem ekki var að öllu leyti tilbúin en í henni var fullorðinsfræðslu fatlaðra m.a. ætlaður staður. Langþráður draumur um rúmlegt og vel útbúið húsnæði undir starfsemi var orðin staðreynd.

Fljótlega eftir flutninga var efnt til samkeppni um nafn á þessar nýju höfuðstöðvar á Selfossi og fyrir valinu varð heitið Fjölheimar.²

VÍK OG KIRKJUBÆJARKLAUSTUR



Kötlusetur á Vik.



Kirkjubæjarstofa á Klaustri.

Nýjar starfsstöðvar voru opnaðar árið 2013 í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Klaustri í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands. Ríkisstjórn Íslands hélt fund á Selfossi í janúar 2013 og samþykkti að láta 15 milljónir renna m.a. til uppbyggingar framhaldsfræðslu og háskólastarfsemi í landshlutanum. Hluti

² Ingunn Jónsdóttir, starfsmaður Háskólafélagsins sendi þessa tillögu inn í samkeppnina.

af þessu fé var notaður í að útbúa starfsstöðvarnar með skrifstofum og námsverum ásamt til kaupa á nemendatölvum. Síðan hefur starfsmaður Fræðslunetsins haft starfsstöð í Kötlusetri og starfsaðstöðu í Kirkjubæjarstofu. Áður hafði Fræðslunetið fengið inni með nemendur sína í grunnskólunum á báðum stöðum.

NÝHEIMAR Á HÖFN



Nýheimar.

Við stækkun starfssvæðisins árið 2014 með tilkomu Sveitarfélagsins Hornafjarðar varð til ný starfsstöð í Nýheimum þekkingarsetri á Höfn í Horna-

firði. Þar eru skrifstofur fyrir starfsmenn, námsver með fjarfundabúnaði og aðgangur að kennslustofum í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu sem er undir þaki í Nýheimum. Þar sem íbúar sveitarfélagsins nutu nú þjónustu Fræðslunetsins og Háskólafélagsins tóku félögin höndum saman um rekstur húsnæðisins jafnframt því sem þau keyptu af Austurbrú búnað og tæki sem fyrir voru í Nýheimum og tilheyrðu starfsemi þeirra beggja.³

HELLA

Í byrjun hausts 2016 opnaði Rangárþing ytra nýtt námsver í samvinnu við Fræðslunetið og Háskólafélagið í svokallaðri Miðju á Hellu. Aðstaðan er ætluð fyrir fjarnema á háskólastigi og öðrum skólastigum. Félögin tvö völdu og stóðu straum af kostnaði við borð, stóla og töflu í námsverið.

ANNAÐ KENNSLUHÚSNÆÐI

Húsnæði til kennslu umfram það sem hefur verið minnst á er helst: Vallaskóli á Selfossi (alm. kennslustofur og handavinnustofa), Sólheimar í Grímsnesi, Stokkseyri (vinnustofa Sjafnar Har. listmálara), Grunnskóli Þorlákshafnar, Grunnskólinn í Hveragerði, Þingborg, Brautarholt, Þjórarskóli, Flúðaskóli, Félagshéimili Hrunamannahrepps á Flúðum, Bláskógaskóli í Reykholti, Grunnskólinn á Hellu, Hofgarður í Öræfum, Vöruhúsið á Höfn, húsnæði Afsl stéttarfélags á Höfn og húsnæði Tónsmiðjunnar á Selfossi.

LEITAÐ LAUSNA

Eins og fram hefur komið fór fljótt að þrengjast um starfsemi Fræðslunetsins í Iðu þannig að það stóð

orðið starfsemi fyrir þrifum. Af fundargerðum stjórnarfundu má sjá að húsnæðismál voru oft til umræðu árin 2007-2008 og ýmsar hugmyndir ræddar til lausnar á ástandinu.

Um mitt sumar 2007 barst Fræðslunetinu erindi frá Guðbrandi Sigurðssyni forstjóra MS/Auðhumlu þar sem hann viðrar þá hugmynd að hýsa háskólaþjónustu Fræðslunetsins í húsnæði sem Auðhumla átti á Austurvegi á Selfossi gegnt Mjólkurbúinu. Fyrstu hugmyndir snerust um að háskólastarfsemin flyttist inn í húsið á Austurvegi 64a en við nánari skoðun þótti auðsætt að húsið væri ekki nógu stórt og hentaði að öðru leyti ekki nægjanlega vel þrátt fyrir að breytingar yrðu gerðar á því eins og mögulegt væri. Hugmyndir stjórnarmanna og annarra heimamanna sem höfðu látið sig varða húsnæðismálin voru þær að námskeiðahald Fræðslunetsins og háskólaþjónustan yrðu undir sama þaki hvernig sem háskólamálin skipuðust. Landbúnaðarstofnun, síðar Matvælastofnun (MAST), er í byggingu við hliðina á umræddu húsi og vegna eðlis starfseminnar þar sá Guðbrandur möguleika á „að byggja upp þekkingarsamfélag á Suðurlandi með þátttöku ríkisstofnana, atvinnulífs og skóla“ eins og segir í erindinu.

Ekki var látið hér við sitja. Næst taka við áætlanir um að Auðhumla byggi nýtt hús á sameinuðum lóðum vestan núverandi húsnæðis MAST sem hýsi alla starfsemi Fræðslunetsins og síðar Háskólafélagsins en stofnun þess var í burðarliðnum. Auk þess var ætlunin að fleiri stofnanir á háskóla- og rannsóknarstigi yrðu í þessu húsnæði enda um stóra byggingu að ræða. Smám saman urðu til teikningar af húsinu, samráð haft um fyrirkomulag og nauðsynlega aðstöðu og viðræður um leigu áttu sér stað fram eftir ári 2008 og miðaði vel. Þegar hér var komið tók stjórn Auðhumlu ákvörðun um að leggja áætlanir um fyrirhugaða byggingu til hliðar.

Árið 2008 samþykkti bæjarstjórn Árborgar að skoða möguleikana á því að byggja fjölnota menningarhús „þekkingargarð“ í nýjum miðbæ á Selfossi. Fræðslunetið, Háskólafélagið, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Háskóli Íslands o.fl. tóku þátt í hugmynda-vinnu um þekkingargarðinn. Það var ætlun sveitarfélagsins að Fræðslunetið fengi framtíðarhúsnæði í þekkingargarðinum. Það endaði svo að hugmyndin fékk ekki brautargengi.

Þessari lotu húsnæðismála lauk svo haustið 2012 með samningum við Sveitarfélagið Árborg um leigu Fræðslunetsins og fleiri stofnana á Fjölheimum við Tryggvagötu eins og áður segir.

³ Austurbrú var stofnuð 2012, m.a. á grunni Þekkingarnets Austurlands; sér um daglegan rekstur Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi.

” Af fundargerðum stjórnarfundu má sjá að húsnæðismál voru oft til umræðu árin 2007-2008.

6

FRÆÐSLUSTARFSEMI

Fullorðinsfræðsla í víðum skilningi hefur verið viðfangsefni Fræðslunetsins frá upphafi með nauðsynlegum áherslubreytingum í tímans rás. Námsframboðið hefur lengst af samanstaðið af atvinnutengdum námskeiðum í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir, margvíslegum bóklegum námskeiðum og tómstundanámskeiðum.

NÁMSFRAMBOÐ

Fræðslunetið undirritaði þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 17. mars árið 2006 þar sem skilgreind eru sameiginleg markmið samningsaðila og hvernig þeir ætla að ná þeim. Í framhaldi af þjónustusamningnum varð mikil breyting á starfseminni, raunar nokkurskonar kaflaskil. Þá hófst kennsla eftir vottuðum námskrám Fræðslumiðstöðvarinnar og um leið bæði jókst námsframboðið og varð fjölbreyttara en áður. Náms- og starfsráðgjöf varð liður í þjónustunni og síðar varð raunfærnimat að föstum þætti í starfinu. Stuðningur frá Fræðslusjóði fylgir hverju verkefni sem Fræðslunetið semur um við FA í krafti þjónustusamningsins og hefur sá stuðningur rennt traustari stöðum undir reksturinn og jafnframt gert Fræðslunetinu kleift að axla fræðsluskyldur sínar á markvissari hátt en það hafði áður haft bolmagn til.

NÁMSLEIÐIR

Vottaðar námskrár, eða námsleiðir, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út, skiptast í starfstengdar námskrár og almennar námskrár. Þær eiga það sameiginlegt að vera þróaðar í samvinnu FA, fræðsluadilanna og atvinnulífsins og veita námsmönnum þann rétt að meta má nám samkvæmt þeim til eininga á framhaldsskólastigi. Eftir að þjónustusamningurinn

„ Smám saman færðist Fræðslunetið meira í fang og tók jafnframt upp kennslu á lengri námsleiðum.

var gerður urðu námsleiðirnar fljótlega fastur liður námskeiðahaldsins og einn meginstofn þess. Strax á vorönn 2006 var reyndar fyrsta námsleiðin kennd, 60 stunda fagnámskeið fyrir starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Um haustið var sama námsleið

kennd auk grunnnámskeiðs fyrir ófaglært starfsfólk leikskóla. Námið krafðist mikillar skipulagningar þar sem það var fjarkennt um Suðurland og jafnframt norður yfir heiðar á þrjá staði á starfssvæði Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra. Næstu annir rak hver starfstengda námsleiðin aðra, kenndar á Selfossi, Sólheimum í Grímsnesi, á Hellu og Hvolsvelli, og fjarkenndar þangað sem aðstaða var til og ekki náðist næg þátttaka til að mynda námshóp.



Fagnámskeið III - útskrift á Hvolsvelli í apríl 2012.

Smám saman færðist Fræðslunetið meira í fang og tók jafnframt upp kennslu á lengri námsleiðum, starfstengdum sem og hinum almennu sem innihalda að stærstum hluta bóklegar greinar. Sem dæmi má nefna að svokallaður Grunnmenntaskóli, 300 stunda bókleg námsleið, var fyrst kenndur á haustönn 2009 og í kjölfarið Nám og þjálfun í almennum, bóklegum greinum sem líka er 300 stunda nám. Lengsta námsleiðin af þessu tagi er Menntastoðir, 1000 stunda nám sem hefur mikið verið sótt hjá Fræðslunetinu undanfarin ár. Menntastoðir má meta til 50 eininga á framhaldsskólastigi og veitir námsmönnum jafnframt rétt til að hefja nám við háskólabrú og frumgreina-deildir háskólanna.

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Námskeið í íslensku fyrir útlendinga hafa verið viðfangsefni Fræðslunetsins allt frá fyrsta starfsvetri þess og vegna eðlis þeirra og tildraga er venjan að flokka þau sem atvinnutengd námskeið. Árin 2006 og 2007 tekur eftirspurnin mikinn kipp þannig að líkja má við nokkurskonar sprengingu. Námskeiðum fjölgaði úr því að vera fáein á ári yfir í það að nálgast þriðja tuginn og var á mörkunum að Fræðslunetið réði við verkefnið. Í Hruninu og næstu misseri fækkaði námsmönnum í íslensku verulega en síðan hefur þeim fjölgað aftur og eru íslenskunámskeiðin með stærstu námskeiðsflokkum í fræðslustarfseminni.



Anna Linda Sigurðardóttir hefur kennt íslensku hjá Fræðslunetinu í áraraði.

Upp á síðkastið hefur verið gert meira af því að hafa kennsluna á vinnustöðum námsmanna og nú vinnur Fræðslunetið þróunarverkefni í starfstengdri íslensku. Íslenskan er kennd eftir atvikum á öllum þéttbýlistöðum og raunar víðar á starfssvæðinu frá Þorlákshöfn í vestri til Hafnar í austri.

ATVINNUTENGD NÁMSKEIÐ

Loks skal nefnt í þessari upprifjun að haldin hafa verið nokkur atvinnutengd námskeið árlega fyrir starfandi sjúkraliða allt frá því Fræðslunetið var stofnað og um skeið fyrir starfandi fangaverði, auk námskeiða sem lúta að daglegum störfum starfsfólks í ýmsum þjónustufyrirtækjum.

TÓMSTUNDANÁMSKEIÐ

Mikið úrval tórstunda-námskeiða hefur frá upphafi og lengst af verið stór hluti af námsframboði Fræðslunetsins. Of langt mál yrði að gera þeim ítarleg skil þar sem viðfangsefni hafa verið mjög margvísleg, auk þess sem oft er mjótt á munum milli þeirra og atvinnutengdra námskeiða sem gerir flokkunina ónákvæma.



Fjöldmörg námskeið hafa verið haldin fyrir sjúkraliða á Suðurlandi í gegnum tíðina.

Engu að síður verður þeim, sem hafa verið vinsælust og mest sótt, skipt hér í margs konar handverks- og listnámskeið, fjölbreytt námskeið um sunnlenskan menningararf, námskeið í erlendum tungumálum, matreiðslunámskeið og tölvunámskeið af ýmsu tagi. Í raun voru tórstundanámskeiðum engin takmörk sett nema þeim sem aðstæður og mannlegur máttur gera.



Fræðslunetið bauð á fyrstu árunum uppá afar fjölbreytt úrval tórstundanámskeiða. Hér er verið að kenna kökuskreytingar.

Þróunin síðastliðin ár hefur verið sú að hlutur tórstundanámskeiða í námsframboðinu hefur farið verulega minnkandi en stærri og viðamikil atvinnutengd námskeið og bókleg hafa orðið kjarn námskeiðahaldsins enda eftirspurn eftir þeim mikil og jöfn. Sennilega haldast í hendur bæði samfélagslegar og rekstrarlegar skýringar á þessari þróun. Mjög aukíð framboð í samfélaginu á ýmiskonar fræðandi tórstundum auk aðgengilegra námskeiða á Netinu hefur dregið úr aðsókn á þessi námskeið hjá Fræðslunetinu; þá útheimta þau mikla undirbúningsvinnu en að sama skapi hafa þau ekki gefið mikið af sér til rekstrarins.



„Skorið í tré með Siggú á Grund”. Námskeið Siggú voru afar vinsæl.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Á grundvelli áðurnefnds þjónustusamnings réð Fræðslunetið nú við að kalla til starfa náms- og starfsráðgjafa og um leið var stigið stórt skref til aðstoðar við fólk sem hafði hug á að bæta við sig námi og styrkja jafnframt stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu. Fullorðið fólk á Íslandi, sem ekki stundar nám í framhaldsskólum eða háskólum, hefur ekki fyrr átt greiðan aðgang að náms- og starfsráðgjöf sem er þeim, sem tilheyra markhópi framhaldsfræðslulaganna, auk þess að kostnaðarlausu. Þessi þjónusta hefur

Ár	Fjöldi viðtala
2006	134
2007	240
2008	180
2009	394
2010	479
2011	583
2012	622
2013	657
2014	738
2015	417
2016	623
2017	739
2018	689
Samtals	6.495

orðið til þess að hjálpa mörgum við að hefja nám að nýju og verið öðrum aðstoð við að glöggva sig á stöðu sinni í atvinnulífinu.

Nú eru liðin þrettán ár síðan byrjað var að veita náms- og starfsráðgjöf hjá Fræðslunetinu. Ljóst er af skrá um fjölda viðtala á þessum tíma að þjónustan hefur bæði verið þörf og vel þegin. Frá upphafi eru viðtölin orðin 6.495.

RAUNFÆRNIMAT

Þá hefur raunfærnimat, sú aðferð við að meta reynslu, færni og þekkingu sem fullorðið fólk hefur öðlast í lífi og starfi, stýtt mörgum hefðbundið skólanám þar sem matið jafngildir námsáfangi í formlegu námi. Þannig hefur raunfærnimat oft verkað sem hvatning til að ljúka námi. Fyrsta raunfærnimat, sem Fræðslunetið tókst á hendur, var í húsasmíði árið 2010 og síðan hefur margs konar raunfærnimat verið haldið, hvort heldur er í iðngreinum eða hjá öðrum starfsstéttum í atvinnulífinu. Fræðslunetið hefur lagt áherslu á að ná með raunfærnimati til kvenna á vinnumarkaði. Stöðin er í fremstu röð símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni hvað varðar þennan þátt í starfseminni.

Í töflunni hér á eftir sést hvers konar raunfærnimat Fræðslunetið hefur haldið frá upphafi og hve margir hafa lokið mati.

Ár	Raunfærnimat	Fjöldi
2010	Húsasmíði	11
2011	Húsasmíði	11
2012	Skrifstofufærni	13
2012	Verslunarfærni	12
2012	Málmiðgreinar	7
2013	Matartækni	14
2014	Málmsuða	12
2014	Stuðningsfltr./skólaliðar	19
2014	Slátrun	14
2014	Garðyrkjubrautir	21
2014	Skrifstofufærni	14
2014	Verslunarfærni	14
2014	Hestafærni	17
2015	Leikskólaliðar	11
2015	Félagliðar	15
2016	Heastabraut	17
2016	Fisktækni	16
2016	Leikskólaliðar	14
2016	Félagliðar	14
2016	Verslunarfulltrúanám	21
2017	Almenn starfshæfni	17
2017	Húsasmíði	8
2018	Fisktækni	20
2018	Leiksk.liðar/stuðningsfltr.	16
2018	Félagliðar	14
2018	Almenn starfshæfni	10
	Samtals	372

NÁM FYRIR FATLAÐ FÓLK

Með samningi við Fjölmennt í Reykjavík árið 2012 um símenntun fyrir fatlað fólk jókst fræðslustarfsemin til muna og varð fjölbreyttari. Námskeið eru nú haldin reglulega víða um starfssvæðið frá vestri til austurs. Við flutning á starfseminni til Fræðslunetsins þar sem önnur fullorðinsfræðsla fer fram var jafnframt stigið skref í þá átt að minnka enn frekar þá aðgreiningu sem fatlaðir námsmenn höfðu búið við.

Við val á námskeiðum fyrir fatlað fólk og skipulagningu þeirra er haft samráð við væntanlega þátttakendur eins og kostur er enda á vissan hátt hægt um vik að ná til námsmannahópsins.

Frá því Fræðslunetið tók að sér þetta verkefni hefur námsframboðið í meginatriðum samanstðið af handverksnámskeiðum ýmskonar á borð við smíði, textíl og matreiðslu og bóklegu námi, s.s. íslensku og ensku, sem og námskeiðum í tónlist. Þá hefur tölvunám verið vel sótt og með tímanum hefur námskeiðum í notkun spjaldtölva fjölgað til að mæta vaxandi eftirspurn.



Þátttakendur og kennarar á listnámsbraut 2016.

Í þeirri viðleitni að auka þjónustuna við fatlað fólk og ná til sem flestra sem þurfa á henni að halda eða gætu mögulega notið hennar hafa verið unnin nokkur stór þróunarverkefni. Verkefni af því tagi er t.d. gerð námskrár fyrir 280 kennslustunda listnámsbraut og í kjölfarið tilraunakennsla hennar. Námsbrautin er löguð að þeim meðal fatlaðra sem þurfa mesta aðstoð í lífinu og minnst námsframboð hefur verið fyrir. Vinnan – lærðu og njóttu er annað stórt þróunarverkefni sem Fræðslunetið tókst á hendur. Í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu voru námsmenn uppfræddir um vinnu- markaðinn og í kjölfarið fóru þeir í starfsnám og heimsóknir á vinnustaði. Nú er í vinnslu verkefni sem sem snýst um kynfræðslu fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun. Styrkur frá Erasmus+ fékkst til ferðar á vit Dana og Svía þar sem verkefnastjóri kynnti sér hvernig þeir standa að slíkri fræðslu – og með þá reynslu í farteskinu liggur fyrir að fjármagna þetta þróunarverkefni til enda.



Námskeiðið „Lærðu um réttindi þín“ hefur verið mjög vinsælt námskeið. Hér er Lilja Össurardóttir verkefnastjóri að útskrifa einn hópin.

VIRKNIMÁMSKEIÐ - FYRIR FÓLK UTAN VINNUMARKAÐAR

Fræðslunetið hefur hannað og kennt margs konar virkninámskeið ætluð fullorðnu fólki sem af ýmsum ástæðum hefur lent utan vinnuarkaðar. Þannig hefur það mætt beiðni Vinnuáráðsstofnunar og seinni árin Birtu – starfsendurhæfingar Suðurlands og VIRK sem hafa það hlutverk að hjálpa fólki að fóta sig að nýju á vinnuarkaði. Þjónusta við þessar stofnanir hefur farið vaxandi á undanförunum árum.

ÞJÓNUSTA VIÐ FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Í gegnum tíðina hefur Fræðslunetið haft samstarf við ýmis fyrirtæki og stofnanir um nám fyrir starfsmenn þeirra. Formlegum samningum var komið á við nokkrar þeirra og námskeiðum í framhaldinu en með efnahagshruninu svokallaða kom afturkippur í þessa þróun starfseminnar þar sem aðrir hagsmunir en fræðsla starfsmanna fengu forgang og þráðurinn slitnaði í bili.

Síðustu misseri og ár hefur þjónustan við fyrirtæki eflst virulega. Ekki sist hefur verið lagt kapp á að sinna ferðabjónustufyrirtækjum með stuðningi af verkefninu „fræðslustjóri að láni“ sem er kostað af starfsmennta- sjóðum í landinu. Verkefnið snýst um að lána fyrirtækjum mannauðsráðgjafa sem greinir fræðsluþarfir þeirra með starfsfólki, gerir fræðsluáætlanir og eftir atvikum að bjóða upp á nám í samræmi við niðurstöðuna. Samningur við Hæfnisetur ferðabjónustunnar, sem gerður var 2017, greiðir fyrir samstarfi af þessu tagi og eru bundnar vonir við að samvinna við fyrirtækin verði árangursrík á næstu árum. Mikið er í húfi þar sem ferðabjónusta í einni eða annarri mynd er orðin aðalatvinnuvegur Sunnlendinga.

Þessi aukna áhersla á fyrirtækjabjónustuna með tækinu fræðslustjóra að láni hefur skilað markverðum árangri enda eftir miklu að slægiast þar sem vinnan

er fyrirtækjum að kostnaðarlausu. Undanfarin tvö ár hafa verið gerðir margir samningar við fyrirtæki og stofnanir þar sem þetta vinnulag er viðhaft og jafnframt lögð áhersla á að viðkomandi starfsmenn fái kynningu á náms- og starfsráðgjöf Fræðslunetsins.



Skrifað undir samning við Friðheima „Fræðslustjóri að láni“.

PRÓUNARSTARF

Með stuðningi styrkja úr ýmsum sjóðum, einkum Þróunarsjóði framhaldsfræðslu, hefur þróunarstarf einnig verið stór hluti starfseminnar (sjá nánar bls. 26). Með tilstyrk þeirra hefur Fræðslunetið unnið mörg stór verkefni, s.s. þróun á nýjum námskrám og námi, bóklegu sem verklegu, unnið starfagreiningar og raunfærnimat, ráðið höfundu til að skrifa kennslubækur og lagt af mörkum fé og vinnu við kannanir á menntunarþörfum fullorðins fólks á Suðurlandi.

FJARKENNSLA OG DREIFNÁM

Frá upphafi hefur verið lögð mikil áhersla hjá Fræðslunetinu á fjarkennslu og síðar dreifnám bæði til miðlunar á fullorðins- og framhaldsfræðslu og háskólánámi. Stærð svæðisins kallaði öðru fremur á þessa lausn eða aðferð til að íbúar dreifðustu byggðanna á Suðurlandi yrðu ekki afskiptir.

Fyrsta starfsvetur Fræðslunetsins hafði það aðgang að fjarkennslubúnaði eða fjarfundabúnaði, eins og tækin voru kölluð jöfnum höndum, í eigu Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands en fljótlega kölluðu þarfirnar á betri og fullkomnari búnað. Um var að ræða að endurbæta búnað Atvinnuþróunarsjóðsins eða verða sér úti um nýjan sem varð ofan á. Árið 2000 var keyptur mjög fullkominn fjarfundabúnaður á rekstrarleigukjörum til þriggja ára sem Fræðslunetið síðan eignaðist að þeim tíma liðnum. Þessum búnaði var komið fyrir í sal stéttarfélaganna á Austurvegi 56 á Selfossi þar sem Fræðslunetið var fyrst til húsa. Fljótlega hafði fjarkenndum námskeiðum frá Háskólanum á Akureyri

fjölgað það mikið að nauðsynlegt var að kaupa annan búnað sem Fræðslunetið fékk að hafa í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Næstu árin fjölgaði fjarkennslubúnuðum smám saman, ýmist í eigu Fræðslunetsins eða í sameiginlegri eigu þess og Fjölbrautaskólans og síðar Háskólafélagsins. Fyrir tilstilli heimamanna á Suðurlandi höfðu Fræðslunetið, aðrir fjarkennsluskólar og nemendur brátt til afnota búnað á Flúðum, Hvolsvelli, í Vík og á Kirkjubæjarklaustri. Árið 2009 gáfu Fræðslunetið og Háskólafélagið nýja búnaði og skjái til þriggja síðastnefndu staðanna, enda þeir sem fyrir voru komnir til ára sinna, og 2013 lögðu félögin sömu stöðum til nýja og stærri skjái við tækin. Var þetta hugsað sem nokkurskonar þakklætisvottur til viðkomandi sveitarstjórna sem höfðu veitt félögunum báðum og námsmönnum aðgang að fjarkennslutækjunum endurgjaldslaut.

Við flutning aðalstöðva Fræðslunetsins í Fjölheima á Selfossi gátu félögin í sameiningu útbúið þar fimm kennslustofur auk fundarherbergis með fjarkennslubúnaði.



Útskrift á námskeiðinu „Ull í mund“. Það var þróunarverkefni í fullvinnslu ullar sem var haldið á Hvolsvelli 2014.

Undanfarin misseri og ár hefur þróun fjar- og dreifnáms verið í þá átt að nemendur geti stundað það án þess að vera bundnir stað eða tíma heldur notað einkatölvur við námið. Tekin hafa verið í notkun kennsluforrit sem m.a. gefa kost á upptökum á kennslu og fyrirlestur. Fræðslunetið hefur lagað sig að þessari tækni og síðan 2016 hefur það notað kennslu- og samskiptaforritið Skype for Business í stað hefðbundins fjarfundabúnaðar.

FJARKENNSLA FRÆÐSLUNETSINS

Eftir að Fræðslunetið eignaðist fjarfundabúnað (árið 2000) var farið að huga að notkun hans til funda og kennslu innan starfssvæðisins sem utan. Strax á

vorönn 2001 var haldin ráðstefna á Selfossi um kúariðu sem jafnframt var send í fjarfundi um Suðurland og í alla aðra landshluta. Um haustið var svo kennt 160 stunda námskeið fyrir starfsfólk á sambýlum á Selfossi sem samtímis var fjarkennt til Vestmannaeyja. Þetta ár byrjaði stað- og fjarkefnsla fyrir fangavardaskólann. Næstu árin var haldið áfram að stytta fólki vegalengdir á Suðurlandi með notkun fjarkefnslubúnaða til funda og kennslu. Stærsta og víðamesta verkefnið var fjarkefnsla grunnnámskeiðs fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum haustið 2006. Námskeiðið var fjarkennt á fjóra staði á Suðurlandi, Kirkjubæjarklaustur, Vík, Hvolsvöll og Flúðir, og auk þess norður yfir heiðar í samvinnu við Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra eins og áður segir. Þar sem kennt var á svo marga staði var notuð svokölluð menntabréf til að tengja alla stöðina saman.⁴

Fjarkefnsla þessa grunnnámskeiðs var svo endurtekin starfsveturinn 2012-2013, þá í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra þannig að fjórir landshlutar voru þá undir. Að þessu sinni deildu stöðvarnar með sér kennslu námsþáttanna.



Fyrsti fjarfundabúnaðurinn vígður 2000.

við og síðar Leikskólalíða- og stuðningsfulltrúabréf og námsmenn víðar af Suðurlandi slógust í hópinn.

Að þessu sinni var hefðbundinn fjarfundabúnaður ekki notaður við kennsluna heldur kennslukerfið Moodle þar sem hægt var að vista kennsluefni og verkefni og auk þess var forritið Emission notað til að taka fyrirlestra upp og vista þá jafnframt. Með þessu móti höfðu námsmenn aðgang að öllu efni og fyrirlestrum án þess að vera bundnir stað og stund. Nokkrir tækniörðugleikar fylgdu þessu fyrirkomulagi einkum

Eins og fram kemur í kaflanum um þróunarstyrki sóttu Fræðslunetið og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um styrk árið 2012 til að fara í sameiningu af stað með fjarnám á Félagslíðabréf. Námið hófst um haustið með námshóp á Selfossi og í Reykjanesbæ og skiptu stöðvarnar kennslunni með sér. Framhald varð á samstarfinu eftir að þróunarverkefninu lauk og árið eftir bættist Leikskólalíðabréf

er varðaði notkun Emission og þróaðist kennslan yfir í notkun á samskiptaforrinu Skype for Business. Árið 2016 breyttust kennsluáðferðir og síðan þá hefur vandi-kennsla verið tíðkuð. Þá geta námsmenn hlustað á fyrirlestra leiðbeinenda og undirbúið sig fyrir reglulega verkefnatíma þar sem þeir og leiðbeinendur fara nánar yfir kennsluefnið.

Dreifnám er eitt fjarnámsformið enn sem Fræðslunetið hefur tekið í þjónustu sína á undanförunum árum, s.s. við kennslu Menntastöða. Það byggist að stórum hluta á miðlun kennslu og kennsluefnis í gegnum tölvu en meðfram því fer nám og kennsla fram í staðlotum.

Með því að vera sífellt vakandi fyrir þróun fjarkefnslu og fjarkefnslutækja hefur Fræðslunetinu tekist að ná til íbúa síns stóra starfssvæðis og gert þeim kleift að stunda nám í heimabyggð sinni. (Í þessu samhengi er athyglisvert að vegalengdin í kílómetrum talið frá vestasta þéttbýli svæðisins, Þorlákshöfn, til hins austasta, Hafnar, er heldur lengri en leiðin frá Þorlákshöfn til Akureyrar).

Hér á undan hefur verið dregið á stærstu fjarkefnsluverkefnið sem Fræðslunetið hefur tekist á hendur eða haft um samvinnu við aðra. Rétt er að taka fram að fjarfundabúnaðir hafa ekki einungis verið notaðir til kennslu og náms heldur einnig komið í aðrar þarfir, s.s. til reglulegra starfsmannafunda og ýmissa annarra samskipta starfsmanna. Jafnframt hefur Fræðslunetið veitt stofnunum og félögum, sem hafa þurft að ná til Sunnlendinga með ýmis erindi, aðgang að fjarfundaaðstöðunni og þjónustu samfara því.



Nemar í hjúkrunarfræði í Iðu 2007.

FJARKENNSLA HÁSKÓLA

Þegar undirbúningur að stofnun Fræðslunetsins var á lokastigi í ágúst 1999 voru orðin til drög að námskeiðum haustannar og þar á meðal námsframboð í fjarkefnslu frá Háskóla Íslands sem árið eftir hóf kennslu í íslensku og ferðamálafræðum. Fjarkefnslunni óx smám saman fiskur um hrygg og árið 2001 byrjaði

⁴ Menntabréf var í eigu HA, HÍ og símenntunarmiðstöðvanna innan Kvasis.

Háskólinn á Akureyri kennslu í rekstrarfræði og hjúkrunarfræði. Þá voru skráðir fjarnemar í háskólanámi alls 53. Fjarkennslan vatt upp á sig og árið 2003 bættist leikskólakennara- og grunnskólakennaranám við frá HA og nýr námshópur varð til í rekstrarfræði. Að viðbætti fjarkennslu í sagnfræði frá Háskóla Íslands voru fjarnemar nú að nálgast 100 á Suðurlandi. Auk nema, sem sóttu nám sitt í fjarkennslustofu á Selfossi, voru nemar í leikskólakennarafræðum á Hvolsvelli, Vík og á Kirkjubæjar- klaustri.

Af þessu er ljóst að þörfin fyrir framboð á háskólanámi í landshlutanum var mikil og líklegt að svo margir hefðu ekki farið í slíkt nám hefðu þeir þurft að bregða búi og stunda alfarið staðnám við háskólana. Hér hafði Sunnlendingum tekist að stíga fyrsta skrefið til móts við eftirspurn íbúanna eftir skipulegu háskólanámi í héraði sem síðan hefur vaxið og dafnað.



Fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla. Námskeiðið var kennt í fjarkennslu í samvinnu fjögurra símenntunarmiðstöðva. Myndin er tekin að Laugum í Sælingsdal þar sem útskriftin fór fram að lokinni staðkennslu í listsköpun.

Fleiri háskólar en hér hafa verið nefndir buðu upp á fjarnám fyrir Sunnlendinga sem og aðra landsmenn, tölvutengt nám sem Fræðslunetið hafði ekki umsjón með að öðru leyti en prófahaldi fyrir þá og þeirri um-sýslu sem því fylgdi.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA VIÐ FJARNEMA

Áður rædd þjónusta við fjarnámsnemendur Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands stóð í tíu ár, frá árinu 2000 til ársins 2009. Fræðslunetið lagði háskólanemendum til, eða ætti frekar að segja háskólunum, húsnæði, fjarfundabúnaði, nettengingar

og ljósrítunaraðstöðu auk þess að hafa milligöngu um ýmis óhjákvæmileg samskipti sem varðaði nemendur og skólana. Fyrir þessa þjónustu fékk Fræðslunetið

ekkert greitt fyrstu átta árin, hvorki frá ríkinu né skólunum og varð að fjármagna hana af öðrum tekjum. Þetta íþyngdi rekstri Fræðslunetsins verulega þar sem það bjó ekki við þann húsakost að geta fjölgað námskeiðum

svo nokkru næmi og þar með aukið tekjur sínar. Eftir rekstrartap nokkur ár í röð og slæmar horfur árið 2005 ákváðu starfsmenn að skila litlum rekstrarleigubíl sem Fræðslunetið hafði til umráða og lækka við sig kaupið ef það mætti verða til einhvers gagns fyrir reksturinn.

Það var ekki fyrr en í fjárlagavinnunni fyrir árið 2008 að umsamdist við fjárlaganefnd Alþingis að framlag kæmi upp í kostnað við háskólaþjónustuna hjá Fræðslunetinu og þeim símenntunarmiðstöðvum sem eins var ástatt um.

Að öðru leyti sá Fræðslunetið um prófahald fyrir fjarnemendur áðurnefndra skóla og auk þess fyrir Kennaraháskóla Íslands (Menntavísindasvið HÍ), Bifröst, Keili, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólan í Reykjavík og marga framhaldsskóla sem buðu upp á fjarnám, s.s. Fjölbrautaskólann við Ármúla, Verkmenntaskólann á Akureyri og Verzlunarskóla Íslands. Ýmiskonar þjónusta við háskólanemendur í fjarnámi og prófahald var því snar þáttur í starfinu á þessum árum. Við stofnun Háskólafélags Suðurlands og ráðningu framkvæmdastjóra þess fluttist þjónustan við háskólanemendur og umsjá með fjarprófum til þess og smám saman yfir í Glaðheima á Selfossi, húsnæði félagsins. Í ársbyrjun 2010 hósti Háskólafélagið alla þessa starfsemi.



Háskólanemar þreyta próf 2007.

7

ÖNNUR STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA

Fræðslunetið hefur smám saman hætt að útvista verkefnum og eini þátturinn sem aðrir sjá um í dag er bókhaldsþjónusta.

BÓKHALDSÞJÓNUSTA OG ENDURSKOÐUN REIKNINGA

Árið 1999 gerði Fræðslunetið samning við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga um að samtökin tækju að sér bókhaldsþjónustu fyrir Fræðslunetið. Ingibjörg Árnadóttir og Ragnheiður Óskarsdóttir starfsmenn SASS hafa fært bókhaldið frá upphafi. Bjarni Jónsson löggiltur endurskoðandi endurskoðaði reikninga Fræðslunetsins frá 1999 til ársins 2016, en þá lét Bjarni af störfum. Endurskoðun og ráðgjöf ehf. hefur séð um endurskoðun reikninga síðastliðin tvö ár.

AFGREIÐSLA OG SKRÁNING

Frá upphafi til ársins 2004 aðstoðaði þjónustufulltrúi stéttarfélaganna á Austurvegi 56, Þórunn Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóra við skráningar á námskeið, símsvörun og önnur afgreiðsluviðvik. Þegar í Fjölheima var komið voru ráðnir starfsmenn í afgreiðslu sem síðan hafa sinnt þeim stofnunum og fyrirtækjum sem eru í húsinu, m.a. tekið á mótí skráningum á námskeið Fræðslunetsins og símsvörun.

VEFSÍÐA OG NETKERFI

Vefsíður Fræðslunetsins eru orðnar nokkrar. Þá fyrstu ásamt skráningarkerfi gerði fyrirtækið Vefur hf. á Selfossi árið 2000 og síðan hafa verið gerðar nýjar með endurbótum nokkrum sinnum. Núverandi vefsíða var gerð frá grunni árið 2016 en Fræðslunetið er svo heppið að hafa verið sjálfbjarga við þessa annars kostnaðarsömu vinnu.⁵

Kerfið MySchool, einkum nemendabókhald þess og umsýslukerfi fyrir náms- og starfsráðgjafa, var í samvinnu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hugbúnaðarfyrirtækisins Stúdíu ehf. lagað að þörfum símenntunarmiðstöðvanna. Í ársbyrjun 2015, eftir nokkurra ára aðlögunarvinnu, gerði Fræðslunetið samning við Stúdíu um afnotarétt af kerfinu. Nú hefur Fræðslunetið hætt að nota Myschool og innleitt INNU upplýsingakerfi framhaldsskólanna og getur nú m.a. skráð þar inn framhaldsskólaeiningar.

⁵ Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir starfsmaður Fræðslunetsins hefur hannað vefsíðurnar frá 2007.



Stjórn Fræðslunetsins opnar nýja vefsíðu árið 2008.

Fræðslunetið notar svokallað FS-net, gagnaflutningsnet sem tengir saman allar símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskóla í landinu og er umboðsaðili þess á Suðurlandi. FS-netið er í eigu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands fer með kerfisþjónustu og hefur frá upphafi séð um viðhald á tölvum og tölvutengdum tækjabúnaði.

VIÐURKENNDUR FRÆÐSLUAÐILI

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti Fræðslunetinu viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu 24. júní 2013, skv. lögum um framhaldsfræðslu frá 2010. Til að öðlast þessa viðurkenningu þurfti Fræðslunetið að uppfylla viss skilyrði eða eins og segir í bréfi ráðuneytisins um efnið: „Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.“ Viðurkenningin tók til þriggja ára.

Þremur árum seinna endurnýjaði Fræðslunetið umsókn sína um samskonar viðurkenningu og með bréfi dagsettu 22. september 2016 veitti Menntamálastofnun viðurkenninguna til þriggja ára eins og áður.

NÝ SKIPULAGSSKRÁ

Eftir að Háskólafélag Suðurlands tók yfir þjónustu við háskólanema kallaði það á breytingar á skipulagsskrá Fræðslunetsins þar sem í þeirri eldri er fjallað um hlutverk þess í háskólanámi landshlutans. Við nánari athugun kom í ljós að fleiri breytingar þyrfti að gera á skipulagsskránni, hana þyrfti að laga að breyttum aðstæðum, s.s. nafnbreytingu á stofnuninni og aukinni verkaskiptingu. Síðast en ekki síst þyrfti skipulagsskráin að byggja á lögum frá 1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (eldri skipulagsskrá var byggð á lögum frá 1988). Þar sem um svo viðamiklar breytingar var að ræða var leitað til lögfræðistofu til að vinna verkið sem reyndist snöggjum tafsamara en gert var ráð fyrir. Á stjórnarfundum í janúar 2013 undirritaði stjórn nýju skipulagsskrána og í kjölfarið var Fræðslunetið skráð formlega á fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

STEFNUMÖRKUN OG FIRMAMERKI

Á fundi stjórnar Fræðslunetsins 4. júní 2009 var samþykkt að vinna að nýrri stefnumótun fyrir Fræðslunetið og hana skyldu stjórn og starfsmenn vinna í sameiningu. Stefnumótunaryvinnan fór fram um haustið og í byrjun árs 2010 var endanlega gengið frá stefnumótunarlöggjöf sem lagt var fyrir stjórnarfund til samþykktar. Plaggið skiptist í sex kafla þar sem fjallað er um gildi stöðvarinnar og hlutverk, skyldur við samfélagið og samskipti; aðstöðu, starfsfólk og sérstöðu Fræðslunetsins.

Fræðslunet
Suðurlands



Fræðslunetið

Símenntun á Suðurlandi



FRÆÐSLUNETIÐ
Símenntun á Suðurlandi
Lærum allt lífið

Þróun merkis Fræðslunetsins, frá fyrstu útgáfu (efst) til þeirrar nýjustu (neðst).

Í tengslum við stefnumótunaryvinnuna fór fram umræða um breytingar á nafni og firmamerki. Bent var á að breyta þyrfti áherslum í merkinu þar sem heitishlutinn *Suðurlands* væri mest áberandi og viðraðar voru hugmyndir að breytingum sem væru meira lýsandi fyrir starfsemi. Stjórn samþykkti að unnið yrði að frekari hugmyndum á breyttu heiti og merki og smám saman varð til tillagan Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi í núverandi útfærslu.⁶ Þetta nýja heiti var svo staðfest í nágildandi skipulagsskrá Fræðslunetsins í stað heitisins Fræðslunet Suðurlands. Einnig var samþykkt að nota slagorðið „Lærum allt lífið“ og einkunnarorðin sveigjanleiki, fagmennska, jafnræði og traust.

Undanfarin ár hefur stefnumótun- og greiningaryvinna farið fram í ýmsum málaflokkum, s.s. kynningarmálum, samfélagsverkefnum, vinnustaðaheimsóknum og notkun og vinnu með innleiðingu á Office 365.

MARKVISS

Markviss er aðferðafræði um markvissa uppbyggingu mannauðs eða starfsþróunartæki. Greiningaraðferðin var þróuð í Danmörku sem samvinnuverkefni danskra iðnfyrirtækja og launþegasamtaka iðnaðarins þar í landi. Kvasir - samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva hefur umsjón með Markviss á Íslandi og á vegum Kvasis hafa verið haldin námskeið hér á landi fyrir þá sem vilja ná tökum á þessari aðferðafræði.

Fyrsti Markviss ráðgjafi í þjónustu Fræðslunetsins var Sigurður Bjarnason rekstrarfræðingur hjá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands. Sigurður lauk Markviss námskeiði hjá Kvasi og starfaði sem ráðgjafi árin 2003 – 2005.

Árið 2015 luku fjórir starfsmenn Fræðslunetsins Markviss námskeiðum og útskrifuðust sem Markviss ráðgjafar. Þessir starfsmenn eru: Eydis Katla Guðmundsdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir og Sólveig R. Kristinsdóttir.

Aðrir sem hafa starfað sem Markviss ráðgjafar eru Eyjólfur Sturlaugsson, Nína S. Birgisdóttir, Eyrún Guðmundsdóttir og Áslaug Einarsdóttir.

GÆDAVIÐMIÐ EQM OG EQM+

Árið 2012 lauk Fræðslunetið innleiðingu á viðurkenndum gæðaviðmiðum, svokölluðu EQM (European Quality Mark) til að uppfylla evrópskar kröfur um gæði í fræðslustarfsemi sinni. Starfsfólk vann saman að sjálfsmati sem fól í sér skilgreiningu starfseminnar og skráningu á nauðsynlegum verkferlum sem standast kröfur um gæði. Skrifuð var gæðahandbók sem starfsfólk hefur sér til leiðbeiningar í starfinu.

⁶ Starfsmaður Fræðslunetsins, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, átti hugmyndina og teiknaði merkið.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók þátt í þróun gæðakerfisins með átta öðrum löndum í Evrópu og staðfærði það. Fræðslumiðstöðin gerði samning við vottunarstofuna BSI á Íslandi, faggilda vottunarstofu, um gæðavottunarúttekt hjá þeim sem tækju þetta kerfi upp. Eftir úttekt BSI á Fræðslunetinu mælti vottunarstofan með vottun þess sem tekur til hönnunar og þróunar námskeiða, kennslu og almennrar umsýslu framhaldsfræðslu. Árið 2013 staðfesti FA gæðavottunina formlega. Allar símenntunarmiðstöðvarnar á Íslandi hafa hlotið gæðavottun EQM.



Þar sem gæðavottunin EQM nær fyrst og fremst til fræðsluþáttarins hefur vottunarkerfið verið í frekari vinnslu með það að markmiði að það taki einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Til að standast gæðakröfur um alla þessa þætti hefur starfsfólk Fræðslunetsins þegar yfirfarið og metið gæðafærla starfseminnar og óskað eftir úttekt og í framhaldi gæðavottun samkvæmt EQM+ eins og það heitir nú.

KYNNINGARSTARF OG KYNNINGAREFNI

Kynning á Fræðslunetinu og starfsemi þess hefur verið mikilvægur þáttur starfsins allt frá fyrstu kynningarfundum sem efnt var til með Sunnlendingum í aðdragandanum að stofnun þess. Námsframboð var í fyrstu auglýst í héraðsblöðum en fljótlega hófst útgáfa námsvísis sem í upphafi hverrar annar var dreift til allra heimila, stofnana og fyrirtækja í fjórðungnum og vó þungt á metunum í öllu kynningarstarfi. Umfram námsvísinn voru birtar auglýsingar og kynningargreinar í héraðsblöðum sem og minni fréttamiðlum sem sveitarfélög eða einstaklingar gáfu út á sínu svæði sunnanlands. Af öðru prentuðu kynningarefni má nefna blöðung um starfsemina og kynningarspjald um náms- og starfsráðgjöf til afhendingar við ákjósanleg tækifæri.

Þá samdi Fræðslunetið árum saman við Útvarp Suðurland um auglýsingar í tengslum við útgáfu námsvísis og viðtöl við starfsmenn um efni hans og starfsemina að öðru leyti.

Áhersla hefur verið lögð á að kynning á símenntun fyrir fatlað fólk fari fram á heimilum þess, á vinnustöðum og þar sem tómstundastarf þess fer fram.

” Kynning á Fræðslunetinu og starfsemi þess hefur verið mikilvægur þáttur starfsins allt frá fyrstu kynningarfundum.

Með tímanum reyndist vefsíða Fræðslunetsins verða ein þungamiðjan í upplýsinga- og kynningarstarfinu enda hefur hún smám saman orðið vandaðri og notendavænni.

Fræðslunetið náði góðri og árangursríkri samvinnu við stéttarfélagin á Suðurlandi, einkum Báruna - stéttarfélag, Verslunarmannafélag Suðurlands og FIT (Félag iðn- og tæknigreina) um

fræðslu. Starfsmenn þeirra reyndust Fræðslunetinu drjúgir og hollir við kynningu meðal félagsmanna sinna.

Hin síðari ár hefur megináhersla kynningarstarfsins legið í markvissum heimsóknum í fyrirtæki og notkun samfélagsmiðla í þessu skyni, einkum Facebook og Instagram, farið sívaxandi. Jafnframt hefur útgáfu námsvísis verið hætt.

MENNTAVERÐLAUN SUÐURLANDS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa síðan árið 2008 veitt sérstök menntaverðlaun „fyrir framúrskarandi framlag á sviði menntunar á Suðurlandi“. Fræðslunetið hlaut þessa viðurkenningu í fyrsta sinn sem hún var veitt. Í viðurkenningarskjalinu segir að Fræðslunetið hafi hlotið hana fyrir „frábæran árangur við miðlun háskólanáms og eflingu símenntunar á Suðurlandi“. Viðurkenningin var formlega afhent á ársþingi samtakanna á Hvolsvelli áður nefnt ár.



Ásmundur Sverrir tók við Menntaverðlaunum Suðurlands 2008. Á myndinni eru einnig Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, verkefnastjóri og Gylfi Þorkelsson, formaður stjórnar Fræðslunetsins.

KVASIR OG LEIKN

Kvasir – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva voru stofnuð á Selfossi 31. maí árið 2000 af átta símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Þær voru: Fræðslunet Suðurlands, Farskóli Norðurlands vestra, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunet Austurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símei – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Símenntunarmiðstöð Þingeyinga. Síðan hafa þrjár miðstöðvar gengið til liðs við félagið: Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja (2003), Mímir – símenntun (2009) og Framvegis – miðstöð símenntunar (2011); tvær hinar síðastnefndu eru í Reykjavík.

Samtökin eru fagleg hagsmunasamtök allra svæðisbundinna símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Meðal markmiða þeirra er að efla símenntun og framhaldsfræðslu í landinu, að stuðla að aukinni samvinnu símenntunarmiðstöðvanna, að vera vettvangur umræðu um framhaldsfræðslu og símenntun, að efla samvinnu við alla þá sem sinna framhaldsfræðslu í landinu og auka skilning atvinnulífsins á henni. Þá gæta samtökin sameiginlegra hagsmuna miðstöðvanna gagnvart stjórnvöldum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði.

Framkvæmdastjórar, og eftir atvikum aðrir starfsmenn símenntunarmiðstöðvanna, sækja árleg vor- og haustþing Kvasis sem hafa reynst þeim dýrmætur vettvangur til stefnumótunar og skoðanaskipta um hagsmuni framhaldsfræðslunnar.

Þá gerðist Fræðslunetið aðili að Leikn sem eru samtök allra fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Rétt til aðildar að samtökunum eiga stofnanir og félög sem hafa fullorðinsfræðslu að meginhlutverki og starfa á samfélagslegum grunni (e. non-profit). Leikn vinnur að auknum samskiptum fullorðinsfræðsluaðila á landinu og er málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum.

RÁÐSTEFNUR

Fræðslunetið hefur gengist fyrir nokkrum ráðstefnum/málþingum í gegnum tíðina. Þessar eru helstar:

- Litlar vatnsaflsvirkjanir, haldin á Kirkjubæjarklaustri í samvinnu við Ólaf Eggertsson á Þorvaldseyri 2000. Þátttakendur 57.
- Litlar vatnsaflsvirkjanir, rafvæðing, haldin á Austurvegi 56 á Selfossi og í fjarfundi til tólf staða víðs vegar á landinu 2001 í samstarfi við Landsamband raforkubænda. Þátttakendur 82.

- Kúariða í Evrópu, haldin á Austurvegi 56 á Selfossi og í fjarfundi 2001 í samstarfi við Landbúnaðarráðuneytið. Þátttakendur 60.
- Sjúkdómsvæðing samfélagsins, haldin í sal FSu á Selfossi 2003. Þátttakendur 35.
- Andspænis sjálfum sér, málþing um samkynhneigð, haldin í sal FSu á Selfossi 2004. Þátttakendur 98.
- Vísindavika/vísindaráðstefna, starfandi vísindamenn í ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á Suðurlandi kynntu vísindastörf sín, haldin í sal FSu á Selfossi 2004. Þátttakendur 38.
- Náttúran í ríki markmiðanna, fjölþjóðleg ráðstefna um stöðu náttúrunnar í samtímanum með íslenskum og erlendum fyrirlesurum, í sal FSu 11. og 12. júní 2005. Meðal fyrirlesara var Bandaríkjamadurinn Holmes Rolston sem hefur verið nefndur faðir umhverfissíðfræðinnar. Í fundargerð stjórnar Fræðslunetsins 14. júní 2005 segir: „Faglega séð er innihald ráðstefnunnar mikið nýmæli ..., ráðstefnan er merki um stórkostlega framsýni, dirfsku og faglegan metnað verkefnastjórnar.“ Ráðstefnan er sú stærsta og umfangsmesta sem Fræðslunetið hefur haldið. Alls héldu fjórtán íslenskir og erlendir vísinda- og fræðimenn fyrirlestra á ráðstefnunni. Þátttakendur 130.
- Bóndinn, félagsmálafrömuðurinn og fræðimaðurinn Páll Lýðsson, haldin í sal FSu á Selfossi 2009. Þátttakendur um 300.
- Nám án aðgreiningar og framhaldsfræðsla, haldin í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Mennta- og menningarmálaráðuneytið í húsnæði MSS í Keflavík 2013. Ráðstefnan var liður í þátttöku Íslands í átaki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um framhaldsfræðslu (European agenda for adult learning).

ÞRÓUNARVERKEFNI OG STYRKIR

Lengst af hafa þróunarverkefni af ýmsu tagi verið snar þáttur í starfsemi og Fræðslunetið verið með allar klær úti eftir styrkjum til slíkra verkefna enda gera þau störfin fjölbreyttari og styrkja rekstur.

Hér verður gerð grein fyrir helstu þróunarverkefnum sem Fræðslunetið hefur unnið eða átt aðild að til ársins 2018.

” Lengst af hafa þróunarverkefni af ýmsu tagi verið snar þáttur í starfsemi og Fræðslunetið verið með allar klær úti eftir styrkjum til slíkra verkefna.

STYRKIR FRÁ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTINGU

- a. Íslenska fyrir útlendinga. Árið 2000 byrjaði ráðuneytið að styrkja íslenskukennslu fyrir útlendinga. Árlega síðan þá hefur Fræðslunetið fengið styrki til kennslunnar. Árið 2005 voru samþykktar sérstakar úthlutunarreglur um styrkveitingarnar og með ákvörðun ríkisstjórnarinnar 2006 voru framlög aukin verulega vegna mikillar fjölgunar útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Fjárhæð styrkjanna hverju sinni takmarkast við samþykkt Alþingis á fjárlögum.
- b. Árið 2008 auglýsti ráðuneytið styrki til mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar vegna tímabundins aflasamdráttar. Styrkir voru ætlaðir til verkefna „sem ætlað var að auka og bæta námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og hjá símenntunarmiðstöðvum og einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.“ Fræðslunetið og Fjölbrautaskóli Suðurlands, með aðstoð ráðgjafa hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, þróuðu námsframboð og sóttu um styrki til alls níu verkefna.
- c. Mótvægisáðgerðir. 2008. Náms og náms- og starfsráðgjöf í Þorlákshöfn. Styrkur að upphæð 10.200.000. Alls voru haldin sex námskeið.
- d. Árin 2012 – 2013 auglýsti mennta- og menningarmálaráðuneytið styrki til eflingar starfsmenntunar. Fræðslunetið sótti um nokkra styrki sem fengust í eftirfarandi verkefni:
- Vinnan – lærdú og njóttu. 2012. 150 stunda starfsnám fyrir fólk með skerta starfsorku og/eða skerta námsfærni. Verkefnið fólst í að skipuleggja námið, skrifa námskrá, útbúa námsefni og tilraunakenna. Styrkur að upphæð 2.225.000.
 - Greining á námsþörfum nýrra þátttakenda hjá Fræðsluneti Suðurlands vegna samstarfs við Fjölmenn. 2012. Verkefnið fólst í spurningakönnun, vinnu rýnihópa og úrvinnslu með heildarniðurstöðum og framkvæmdaáætlun. Styrkur að upphæð 2.000.000.
 - Greining á námsþörfum fullorðins fólks á Suðurlandi sem verið hefur í námi og/eða ráðgjöf hjá Fræðslunetinu. 2012. Verkefnið snerist um að hanna spurningalista og leggja fyrir, funda með rýnihópi, vinna úr gögnum og setja fram heildarniðurstöður og framkvæmdaáætlun. Styrkur að upphæð 2.000.000.
 - Nám og starf. 2013. 200 stunda starfstengt nám fyrir fólk með skerta starfsorku og/eða námsfærni. Verkefnið fólst í að afla gagna, þróa námið,

skrifa námskrá, tilraunakenna, meta árangur og gera tillögur að úrbótum. Styrkur að upphæð 3.800.000.

- Feti framar. 2013. Þróun á námi fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Verkefnið fólst í að skipuleggja námið, tilraunakenna og meta árangur. Styrkur að upphæð 2.000.000.

VERKEFNI OG NÝSKÖPUNAR- OG ÞRÓUNARSTYRKIR ÚR ÞRÓUNARSJÓÐI FRAMHALDSFRÆÐSLU

Járningar og hófhirða. 2011. Samning kennslubókar um efnið (höf. Sigurður Torfi Sigurðsson, járnanga-meistari). Styrkur að upphæð 2.200.000.

A Job To Be Done. 2011. Samning kennslubókar í ensku handa fullorðnum námsmönnum með litla grunnmenntun (höf. Jóna Katrín Hilmarsdóttir, framhaldsskólakennari). Styrkur að upphæð 2.200.000.

Ritun kennslubókar í verslunarreikningi fyrir Skrifstofuskólann. 2011. Verkefnið var í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Styrkur að upphæð 1.285.000.

Fjarkennsla fagnámskeiðs fyrir starfsfólk á leikskólum. 2011. Verkefnið var í samstarfi símenntunarmiðstöðvanna sem taldar eru upp í liðnum hér á undan. Fjarkennt var á milli allra staðanna. Styrkur að upphæð 4.292.000.

Fjarkennsla 9 eininga á Félagsliðabru. 2011. Verkefnið unnið í samvinnu við MSS. Styrkur að upphæð 1.375.000.

Raunfærnimat í verslunar- og þjónustustörfum; vinnustaðahluti og lokaverkefni í verslunarfagnámi. 2012. Verkefnið unnið í samvinnu við MSS. Styrkur að upphæð 1.368.000.

Tæki-færi I. 2013. Greining á því hvaða þekking á sviði verk- og tæknimenntunar myndi styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði og um leið hvernig komið yrði til móts við þarfir atvinnulífsins. Styrkur að upphæð 1.568.000. Greining á þörf fyrir starfsmenntun unnin af R3-ráðgjöf. Unnið í samstarfi við Vinnumarkaðsráð Suðurlands og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga sem einnig styrktu verkefnið.

Ull í mund. 2013. Hönnun 120 stunda námskeiðs í fullvinnslu ullar, kennsla og eftirfylgni. Haldið fyrir konur í dreifðum byggðum sem hafa landbúnað/sauðfjárrækt að atvinnu. Markmið námskeiðsins var einnig að stuðla að nýsköpun. Styrkur að upphæð 2.500.000.

Járningar og hófhirða. 2014. 60 stunda námskeið í járningum og hófhirðu. Kennslubókin með sama heiti sem þróunarsjóðurinn styrkti var notuð á námskeiðinu. Styrkur að upphæð 1.010.000.

Listnámsbraut fyrir fatlað fólk. 2014. Gerð námskrár fyrir 280 kennslustunda námskeið og kennsla. Samstarfsverkefni með Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi. Styrkur að upphæð 2.600.000.



Listamaður sýnir mynd sína á listasýningu verka unna á listnámsbraut fyrir fatlað fólk.

Tæki-færi II. 2014. Þróun námsbrautar á sviði verk- og tæknimenntunar og tilraunakennsla. Styrkur að upphæð 2.600.000.

Gátlistar v/raunfærnimats á Fjallamennskubraut Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. 2015. Styrkur að upphæð 647.740.

Grunnmenntun í ferðaþjónustu – starfagrein- ingar og raunfærnimat. 2017. Styrkur að upphæð 2.850.000.

Fjarkinn – rafræn námskeið í ferðaþjónustu. 2017. Styrkur að upphæð 2.220.000.

Ferðaþjónn I - hæfnigreining. 2017. Styrkur að upphæð 2.800.000.

Starfstengd íslenska fyrir erlenda starfsmenn sem starfa á dvalar- og hjúkrunarheimilum. 2017. Styrkur að upphæð 1.400.000.

Ferðaþjónn II – námskrárgerð í kjölfar hæfni- greiningar. 2018. Styrkur að upphæð 3.000.000.

Fagleg fyrirtækjafræðsla. 2018. Styrkur að upphæð 3.000.000.

VERKEFNI OG STYRKUR FRÁ ÞRÓUNARFJÁRNEFND HROSSARÆKTARINNAR

Járningar og hófhirða kennslubók. Uppsetning og útlifsvinna bókarinnar. Styrkur að upphæð 500.000.

VERKEFNI OG STYRKUR FRÁ FJÖLMENNT SÍMENNTUNAR- OG ÞEKINGARMÍÐSTÖÐ

Listnámsbraut fyrir fatlað fólk. 2015. Gerð námskrár. Styrkur að upphæð 2.000.000.

STYRKIR FRÁ ERASMUS+

Flipped classroom in the lifelong learning.

2015. Þrjú starfsmenn fóru til fræðslustofnunarinnar ERIFO (Ente di Ricerca e Formazione) í Róm til að kynna sér vendikennslu sem var verið að taka upp hjá Fræðslunetinu.



Starfsfólk Fræðslunetsins á námskeiði í Róm.

Þróun framhaldsnáms í tamningum, járningum og hófhirðu. 2015. Starfsmaður Fræðslunetsins, ásamt fulltrúum frá ýmsum fræðslustofnunum á Íslandi, fóru til Svíþjóðar að kynna sér starfsréttindanam í tamningum, járningum og hófhirðu. Fræðslustofnanirnar sem farið var til voru Strömsholm, Stenholmen í Linköping og stóðhestastöðin í Flyinge sem allar tilheyra Sveriges lantbruksuniversitet.

Gerð námsefnis í kynfræðslu fyrir fullorðið, fatlað fólk. 2017. Samning námsefnis í kynfræðslu í samvinnu við valda samstarfsaðila í Danmörku og Svíþjóð.

VERKEFNI OG STYRKUR FRÁ VELFERÐARRÁÐUNEYTINGU

Kynfræðsla fyrir fullorðið fatlað fólk. 2016. Styrkur að upphæð 100.000

ÞRÓUNARVERKEFNIÐ IPA

Svokallað IPA (Instrument for Pre-Accession Assistance) snerist m.a. um þróun á raunfærnimati til að efla starfshæfni fullorðins fólks með litla formlega menntun. Til verkefnisins fékk Fræðslumiðstöð atvinnulífsins styrk frá ESB en á móti kom framlag úr Fræðslusjóði.

Árið 2013 leitaði FA verðtilboða, m.a. hjá símenntunarmiðstöðvum, í tiltekið raunfærnimat. Fræðslunetið sendi inn verðtilboð og var tilboðum þess í þrenns

konar raunfærnimat tekið: í málmsuðu, í slátrun og mat fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum.

Ári síðar tók FA verðtilboði Fræðslunetsins í tvenns konar raunfærnimat, þ.e. raunfærnimat á garðyrkjubrautum, þar sem námskrár ylræktar og garð- og skógarplöntubrautar voru lagðar til grundvallar, og í hestamennsku en þar var námskrá hestamennsku brautar Fjölbrautaskóla Suðurlands lögð til grundvallar.

STYRKIR FRÁ STARFSMENNTARÁÐI

Handverk í heimabyggð. 2006. Styrkur til að halda námskeið í silfursmíði. Kennari Fræðslunetsins, Davíð Jóhannesson gullsmíður, fór um landið í krafti styrksins og hélt námskeið í silfursmíði á Akureyri (1), Húsavík (1), í Skagafirði (2) og á Ísafirði (3).

Leiðsögn á jarðvangi. 2010. Þróun námskeiðs í þeirri viðleitni að gera heimamenn færa um að sinna leiðsögn í Kötlu Geopark, s.s. fræðsla um jarðminjar, samspil manns og náttúru og útvist. Námskeiðið var samvinnuverkefni Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands og hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

STYRKUR FRÁ SAMTÖKUM SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nám í svæðisleiðsögn. 2017. Utanumhald og framkvæmd námsins. Styrkur að upphæð 1.500.000.

SUNNAN3 - TILRAUNAVERKEFNI

Sunnan3 – rafræn þjónusta fyrir þig. 2006. Tölvunámskeið fyrir almenning í tengslum við þróunarverkefni Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Sveitarfélagsins Árborgar um rafrænt samfélag. Verkefnið snerist meðal annars um að gera íbúunum kleift

að nálgast í gegnum tölvu ýmis gögn og upplýsingar um sveitarfélögin auk þess að sækja um margs konar þjónustu til þeirra á rafrænan hátt. Á námskeiðunum voru kennd undirstöðuatriði tölvunotkunar og jafnframt voru þátttakendur þjálfaðir í að nýta sér nýjar heimasíður sveitarfélaganna þriggja. Framlag kom frá sveitarfélögunum og voru námskeiðin þátttakendum að kostnaðarlausu.

VIKA SÍMENNTUNAR

Aukin símenntun í atvinnulífinu, hvatning til fólks að leita sér aukinnar þekkingar og færni alla ævi. 2000-2008. Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, sá um skipulagningu í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar á Íslandi. Vika símenntunar var haldin um allt land árlega frá 2000-2008. Skipulag vikunnar á Suðurlandi var öll árin í höndum Fræðslunetsins og var dagskráin mismunandi eftir árum. Mest áhersla var lögð á stutt námskeið og vekjandi fyrirlestra um aðkallandi mál í lífi fólks, upplýsingafundi um gagnsemi símenntunar og rétt fólks á styrkjum úr endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna, auk kynningar á þjónustu Fræðslunetsins. Framlag til að halda viku símenntunar kom frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og var þátttakendum að kostnaðarlausu.

8

SAMNINGAR UM FRÆÐSLU

Fræðslunetið hefur í gegnum tíðina gert formlega fræðslusamninga við ýmsar stofnanir, sveitarfélög, skóla og fyrirtæki.

SAMNINGAR VIÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Fyrstu árin í starfsemi símenntunarmiðstöðvanna gekk stjórn Kvasis – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á fund fjárlaganefndar til að tryggja framlag ríkisins til starfseminnar. Í framhaldinu gerði ráðuneytið svo samninga við hverja símenntunarmiðstöð um framlagið. Fyrsti samningur Fræðslunetsins af þessu tagi við ráðuneytið var gerður haustið 1999 og síðan árlega til ársins 2010. Í samningunum er kveðið á um fræðsluskyldur Fræðslunetsins við íbúa Suðurlands og skyldur gagnvart ráðuneytinu.

Eftir að lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt (2010) annaðist ráðuneytið samskipti við Fjármálaráðuneytið og Alþingi vegna framlags ríkisins. Fyrsti samningurinn í samræmi við þetta verklag var gerður haustið 2011 og gildistími hans var fjögur ár. Í þessum samningi er gerð nákvæmari grein en áður fyrir gagnkvæmum skyldum og ábyrgð samningsaðila. Samskonar samningur, með örlitlum breytingum, var svo endurnýjaður árið 2014.

SAMNINGAR VIÐ FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Árið 2006 gerði Fræðslunetið fyrst þjónustusamning við FA sem fer með umsýslu Fræðslusjóðs. Úr Fræðslusjóði er úthlutað til framhaldsfræðslu eingöngu til þeirra fræðsluaðila sem eru viðurkenndir af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Frá árinu 2006 hafa árlega verið gerðir samningar við FA um framlög úr Fræðslusjóði fyrst til vottaðra námsleiða og náms- og starfsráðgjafar og síðar einnig til raunfærnimats.

SAMNINGUR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Þann 11. apríl 2000 undirrituðu Fræðslunetið og HA samstarfssamning og réttu ári síðar gerðu stofnanirnar með sér samkomulag um háskólanám á Suðurlandi. Um markmiðin segir í samningnum: „Markmið samstarfsins er að efla háskólamenntun í þágu fólksins í landinu og til að ná þessu markmiði verður nýtt fullkomnasta upplýsingatækni við nám og kennslu.“ Aðilar ætla að vinna að því að haustið 2001 byrji HA

fjarkennslu til Selfoss í hjúkrunarfræði og rekstrarfræði til BS-prófs og 30 eininga í nútímafræði.

Í samkomulaginu er kveðið á um að HA sjái um alla kennslu en Fræðslunetið um námsaðstöðu á Suðurlandi.

Hér er staðfestur vilji beggja aðila til að sjá til þess að Sunnlendingar eigi kost á háskólanámi í heimabyggð og strax um haustið hófst fjarkennsla í rekstrar- og hjúkrunarfræði.



Samningur um fjarkennslu frá Háskólanum á Akureyri undirritaður.

SAMNINGUR VIÐ MS Á SELFOSSI

Árið 2006 gerðu MS á Selfossi og Fræðslunetið með sér samning um að Fræðslunetið tæki að sér námskeiðahald og önnur námstilboð fyrir starfsfólk fyrirtækisins. Þá sér Fræðslunetið um, samkvæmt samningnum, styrkumsóknir fyrir MS í viðkomandi starfsmenntasjóði.

SAMNINGUR VIÐ HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Eftir margra ára samstarf um námskeið fyrir starfsmenn HSu undirrituðu Heilbrigðisstofnunin og Fræðslunetið formlegan samning árið 2007 um fræðslu, sí- og endurmenntun starfsfólksins. Sam-

kvæmt samningnum tekur Fræðslunetið að sér umsókn styrkja vegna námskeiðanna.

SAMNINGUR VIÐ SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

Árið 2007 undirrituðu Sveitarfélagið Árborg og Fræðslunetið samning um fræðslu, sí- og endurmenntun fyrir starfsmenn sveitarfélagsins. Í samningnum er fólgið að Fræðslunetið skipuleggi sérstök námskeið, málþing og ráðstefnur óski sveitarfélagið þess.

SAMNINGAR VIÐ STARFSMENNT Í REYKJAVÍK

Árin 2007 og 2008 gerði Fræðslunetið formlega samninga við Starfsmennt í Reykjavík um að skipuleggja og annast tiltekin námskeið fyrir félagsmenn í aðildarfélögum Starfsmenntar á Suðurlandi.

SAMNINGAR VIÐ VINNUMÁLASTOFNUN

Árið 2010 gera VMST og Kvasir með sér samstarfs-samning í tengslum við átak félags- og trygginga-málaráðuneytisins sem kallaðist Ungt fólk til athafna. Átakinu var ætlað að veita ungu, atvinnulausu fólki „tækifæri til þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal námsúræðum hjá símenntunarmiðstöðvum sem eru aðilar að Kvasi.“

Rúmu ári síðar, 11. mars 2011, gera Vinnumálastofnun Suðurlandi og Fræðslunetið þjónustusamning um námsúræði sem teljast til vinnumarkaðsaðgerða.

Árið 2015 gera stofnanirnar með sér þjónustusamning um nám, sem flokkast undir vinnumarkaðsúræði, með sérstökum viðauka um námskeið og verð.

SAMNINGUR VIÐ FJÖLMENNT

Einn umfangsmesti, einstaki fræðslusamningur, sem Fræðslunetið hefur gert, er við Fjölmennnt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð. Fjölmennnt hafði starfað á Suðurlandi frá árinu 2002 með starfsstöð á Selfossi og nokkrum föstum starfsmönnum.

Haustið 2011 barst Fræðslunetinu erindi frá Fjölmennnt þar sem farið er fram á viðræður við Fræðslunetið með það að markmiði að símenntunarstarf Fjölmennntar á Suðurlandi flyttist alfarið yfir til Fræðslunetsins með þeim skyldum sem því fylgdu. Formaður og varaformaður stjórnar Fjölmennntar mættu á stjórnarfund 10. október þar sem þeir kynntu erindið fyrir stjórn.

Í framhaldinu fól stjórn framkvæmdastjóra að vinna að málinu í samræmi við erindið. Haldnir voru nokkrir fundir með formanni og varaformanni stjórnar Fjölmennntar um málið og 28. mars 2012 undirrituðu formaður stjórnar Fræðslunetsins og formaður stjórnar Fjölmennntar þjónustusamning sem byggist á því

hlutverki Fjölmennntar að fötluðu fólki, 20 ára og eldra, þjóðist fjölbreytileg símenntun að loknu formlegu námi í skólakerfinu. Jafnframt var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri með fræðslunni sem skyldi bera faglega ábyrgð á þjónustunni sem Fræðslunetið hefur tekið að sér með þessum samningi.

SAMNINGUR VIÐ ÞJÓNUSTURÁÐ SUÐURLANDS Í MÁLEFNUM FATLAÐRA

Í lögum um félagsþjónustu er kveðið á um að haft sé samráð við notendur þjónustunnar þannig að þeir séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigin hag.

Í samningi Þjónusturáðsins og Fræðslunetsins, sem var undirritaður í desember 2016, kemur fram að stofnað verði notendaráð fatlaðs fólks til að tryggja megi „aðgengi fatlaðra notenda að stefnumörkun og áætlanagerð félagsþjónustunnar á Suðurlandi.“

Með samningnum er Fræðslunetinu falið það í verk-töku að hafa umsýslu með vinnu notendaráðsins, s.s. fræðslu til að undirbúa nýja fulltrúa í ráðinu, boðun funda og vinnu tengda þeim, ásamt því að fræða notendaráðið um hugsanlegar breytingar á lögum, reglugerðum og réttindum fatlaðs fólks sem kynnu að verða á starfstíma ráðsins.

Með samningnum hefur Fræðslunetið tekist á herðar auknar skyldur við fatlað fólk á Suðurlandi.

SAMNINGAR VIÐ SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Árið 2013 gerði Fræðslunetið samning við SASS um uppbyggingu símenntunar á miðsvæði Suðurlands.⁷ Samkomulagið var liður í Sóknaráætlun Suðurlands og fól í sér að sinna símenntun á áður nefndu svæði og ráðningu starfsmanns í fullt starf með aðsetur í Vík. Kostnaður var að mestu greiddur með styrk úr sóknaráætluninni. Verkefnið var samstarfsverkefni Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands. Viðauki var gerður við samkomulagið í ársbyrjun 2014 með framlagi til að standa undir „launa- og starfstengdum kostnaði starfsmannsins.“

Annar samningur var svo gerður 2014 sem einnig var liður í Sóknaráætlun Suðurlands, milli SASS, Fræðslunetsins og Háskólafélagsins þar sem samningsaðilar skiptu með sér eftirfarandi verkefnum:

1. uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu,
2. eflingu mennta og fræðastarfs á Suðurlandi,
3. menntalestinni á Suðurlandi. Til þessa þróunarstarfs lagði Fræðslunetið kr. 2.200.000 af fengnu þróunarfé sínu úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu á móti framlagi frá SASS. Síðasti samningur aðila um verkefni sóknaráætlunar var gerður 2015.

⁷ Frá Markarfljóti til Öræfa.

Framlag stjórnvalda til sóknaráætlunar landshluta var felld niður og lauk þessu þriggja ára verkefni á Suðurlandi í árslok 2015.

Í lokaskýrslu Fræðslunetsins og Háskólafélagsins um verkefnið kemur m.a. fram að árin 2013-2015, á samningstíma sóknaráætlunarinnar, voru 79 námskeið haldin á miðsvæðinu, þar af 46 í fjarfundi. Árið 2012, ári áður en verkefnið fór af stað, voru nemendastundir á svæðinu 466, en til samanburðar voru nemendastundirnar árið 2015 alls 9.146.

Markmiðið hefur verið, þrátt fyrir að miðsvæðið væri dreifbýlt, að fræðslan ætti að ná til íbúanna eins og kostur væri. Fjarfundabúnaðir í Vík og á Kirkjubæjarklaustri nýttust vel til síns brúks þó stundum gengju fjarskiptin ekki sem skyldi. Miklar vegalengdir gerðu það að verkum að fyrirhafnar- og kostnaðarsamt var að koma kennurum og leiðbeinendum austur til að auka fjölbreytni í framboði námskeiða. Með samningum um sóknaráætlun var hægt að ráða starfsmann á svæðinu og um leið varð hægara um vik með alla skipulagningu og námsframboð í samstarfi við heimamenn.

Tölurnar hér á undan sýna hvílik umskipti urðu á fullorðins- og framhaldsfræðslu eystra með tilkomu sóknaráætlunar en því verkefni lauk árið 2015 eins og áður segir.

9

BÆKUR OG RIT

Fræðslunetið stóð fyrir útgáfu og samningu nokkurra bóka og rita um fjölbreytt efni, einkum á upphafsárum sínum.

Fræðslunetið hefur staðið að samningu og útgáfu nokkurra bóka og rita auk kennsluhefta til tölvukennslu eftir Eyrúnu Óskarsdóttur fyrrum starfsmann annars vegar og Leif Viðarsson kennara hjá Fræðslunetinu hins vegar.

Eins og áður hefur komið fram samdi Jóna Katrín Hilmarsdóttir enskukennari Fræðslunetsins kennslubók fyrir fullorðna í ensku, A Job To Be Done, og Sigurður Torfi Sigurðsson, jánningameistari, bókina Jánningar og hófhirða.

Í kjölfar ráðstefnunnar um sjúkdómsvæðingu samfélagsins (2003) voru fyrirlestrarnir, sem haldnir voru á ráðstefnunni, gefnir út á bók sem hlaut heitið Sjúkdómsvæðing. Bókin kom út árið 2004. Útgefandi var Háskólaútgáfan í samvinnu við Siðfræðistofnun og

SAMNINGUR VIÐ HÆFNISSETUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Fræðslunetið ásamt fjórum öðrum símenntunarmiðstöðvum og FA undirrituðu 21. september 2017 samstarfssamning við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar um miðlun fræðslu til fyrirtækja og starfsmanna í ferðaþjónustu. Um er að ræða þróunar- og stefnumótunarverkefni til ársloka 2020 sem Hæfnisetur ferðaþjónustunnar stýrir.

Í 1. grein samningsins segir um markmið verkefnisins: „Að koma á markvissri hæfniuppbyggingu innan ferðaþjónustufyrirtækja og meta árangur af því. Það verður m.a. gert með því að fjölga heimsóknum til fyrirtækja í ferðaþjónustu til að kynna þeim og starfsmönnum þeirra möguleika á framkvæmd, fjármögnun og arðsemi af slíku starfi.“ Samkvæmt samningnum tilnefnir Fræðslunetið tengilið sem stýrir verkefninu á sínu svæði.

Fræðslunetið. (Ritstjórar Ólafur Páll Jónsson og Andrea Ósk Jónsdóttir).

Ráðstefnuritið Andspænis sjálfum sér - ábyrgð og inn-sæi fagstétta, var gefið út með fyrirlestrum ráðstefnu sama efnis sem Fræðslunetið hélt árið 2004. Útgefandi var Háskólaútgáfan í samvinnu við Fræðslunetið. (Ritstjórar Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson).

Stærsta ráðstefnuritið var gefið út árið 2006 með fyrirlestrum sem haldnir voru á ráðstefnunni Náttúran í ríki markmiðanna. Ritið ber heitið Art, Ethics and Environment: A Free Inquiry Into the Vulgarly Received Notion of Nature. Útgefandi Cambridge Scholars Press. (Ritstjórar Æsa Sigurjónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson).

Hugmyndir um stofnun vísindasjóðs, sem ræddar höfðu verið á vettvangi stjórnar, urðu að veruleika árið 2002 og hlaut sjóðurinn heitið Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands.

Reglur sjóðsins voru formlega samþykktar í ágúst 2002. Strax um haustið var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn og hafa styrkir verið greiddir úr honum árlega allar götur síðan. Fyrirtæki, stofnanir og félög á Suðurlandi hafa styrkt sjóðinn með framlögum. Árið 2010 gerðist Háskólafélag Suðurlands aðili að sjóðnum og síðan heitir hann Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands.

Styrktaraðilar sjóðsins fyrstu fimm árin (2002-2006) voru ellefu talsins:

Atorka, samtök atvinnurekenda á Suðurlandi, Dvalarheimilið Ás, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Garðyrkjuskóli ríkisins, Mýrdalshreppur, Rangárþing ytra (Djúparhreppur, Holta- og Landsveit), Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Sorpstöð Suðurlands, Sunniðn, Sveitarfélagið Árborg og Verslunarmannafélag Suðurlands. Heildarupphæð framlaga kr. 805.000.



Styrkþegarnir Sigrún Jónsdóttir og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir ásamt forseta Íslands, herra Guðna Th. Jóhannessyni, árið 2017.

Fræðslunetið, fyrir hönd Vísindasjóðs, hefur gert samninga við styrktaraðila sjóðsins til fimm ára í senn þannig að nú er fjórða tímabilið hafið. Á þeim

tíma, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa orðið ýmsar breytingar á styrktaraðilum hans. Nokkrir hafa hætt stuðningi við sjóðinn og aðrir nýir komið inn.

Á öðru samningstímabilinu (2007-2011) gengu til liðs við sjóðinn með framlögum Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Landgræðsla ríkisins Gunnarsholti, Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Flóahreppur, Ásahreppur, Hveragerðisbær, Samband sunnlenskra kvenna og Háskólafélag Suðurlands. Heildarupphæð framlaga var þá komin upp í kr. 1.245.000.

Á þriðja samningstímabilinu (2012-2016) bættust í hóp styrktaraðila Sveitarfélagið Ölfus, Hekkluskógar, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Arion banki og Suðurlandsskógar. Heildarupphæð framlaga 1.335.000.

Og enn fjölgar styrktaraðilum á yfirstandandi tímabili en nú hafa slegist í hópinn Bárán stéttarfélag, Sveitarfélagið Bláskógabyggð, Skaftárhreppur, Kötlusetur, Kirkjubæjarstofa og Sveitarfélagið Hornafjörður. Heildarupphæð framlaga er þá orðin kr. 1.730.000.

Í reglum sjóðsins er kveðið á um að styrkhæf rannsóknarverkefni séu lokaverkefni til BA eða BS prófs, sambærilegrar háskólagráðu eða hærri gráðu. Þá segir í 6.gr., 2. tölulíð: „Rannsóknarverkefni verður að tengjast Suðurlandi með ótvíræðum hætti og ritgerðin að fjalla um aðstæður tengdar Suðurlandi. Verkefnið skal þjóna ótvíræðum atvinnulegum/fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.“

Eins og fram hefur komið eru árlega veittir styrkir úr sjóðnum að undangenginni auglýsingu eftir umsóknum á heimasíðum Fræðslunetsins og Háskólafélagsins, í öðrum fjölmiðlum og háskólum landsins. Sérstök matsnefnd fer yfir og metur umsóknir og velur hver eða hverjir verði styrksins aðnjótandi hverju sinni. Styrkveitingar fara fram á hátiðarfundum sem sjóðurinn efnir til og býður til þeirra stofnendum Fræðslunets-

ins og Háskólafélagsins og styrktaraðilum sjóðsins. Fyrstu árin voru hátíðarfundirnir haldnir til skiptis á Hótel Selfoss og Hótel Örku í Hveragerði en síðan 2005 hafa þeir farið fram í sal Fjöbrautaskóla Suðurlands. Alls eru fundirnir orðnir sautján og þeir sem hlotið hafa styrkinn orðnir 33. Allar götur frá upphafi hefur forseti Íslands sýnt vísindasjóðnum og styrkþegum þann heiður að afhenda styrkina.

NÚVERANDI STYRKARAÐILAR VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐS SUÐURLANDS

Mýrdalshreppur

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Landgræðsla ríkisins Gunnarsholti

Félag iðn- og tæknigreina FIT

VR Suðurlandi

Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi

Dvalarheimilið Ás

Flóahreppur

Sveitarfélagið Árborg

Hveragerðisbær

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fjölbrotaskóli Suðurlands

Samband sunnlenskra kvenna

Háskólafélag Suðurlands

Hekluskógar

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Suðurlandskógar

Rangárping eystra

Menntaskólinn að Laugarvatni

Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði

Landsbankinn

Báran stéttarfélag

Sveitarfélagið Bláskógabyggð

Skaftáahreppur

Kötlusetur

Kirkjubæjarstofa

Sveitarfélagið Hornafjörður

Sveitarfélagið Ölfus

11 TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

TAFLA YFIR ÞRÓUN NEMENDAFJÖLDA OG NEMENDASTUNDAFJÖLDA 2000 – 2018

Í tölunum er miðað við fjölda útskrifaðra nemenda, ekki innritaðra. Fjöldi nemendastunda er fenginn með því að margfalda fjölda námsmanna með fjölda námskeiðsstunda. Þessu er teft saman þar sem fjöldi nemenda er ekki einhlítur mælikvarði fjöldatalna um starfsemina heldur mælist með þessu móti sá stundafjöldi sem er að baki námi. Sé t.d. tekið mið af árinu 2010 eru námsmenn á þriðja hundrað færri en árið áður en nemendastundir aftur á móti tæplega tíu þúsundum fleiri. Þetta sýnir að námskeið árið 2010 hafa að jafnaði verið lengri en 2009.

Í töflunni er fjöldi fjarnema í háskólanámi ekki tilgreindur. Tölulegar upplýsingar fyrir haustönn 1999 vantar.

Ár	Fjöldi námsmanna	Fjöldi nemendastunda
2000	619	16680
2001	1595	25848
2002	1175	18567
2003	1072	26883
2004	784	12073
2005	1072	22480
2006	1271	25565
2007	1290	38247
2008	1239	29093
2009	1153	27681
2010	915	37056
2011	1141	39698
2012	1402	46704
2013	1498	49082
2014	1584	52226
2015	1360	53587
2016	1140	53295
2017	1680	78902
2018	1439	58766
Samtals	23.429	712.433

TAFLA UM FJÁRHAGSLEGAN REKSTUR FRÆÐSLUNETSINS 1999 – 2018

Ár	Rekstrartekjur	Rekstrargjöld	Rekstrar- hagnaður/þap	Rekstrar- hagnaður/þap
			án fjármunatekna og fjármagsgjalda	
1999	7.587.824	4.038.439	3.549.385	3.526.181
2000	15.485.180	14.380.606	1.104.574	1.341.382
2001	22.075.161	22.583.118	-507.957	-362.620
2002	23.156.958	23.707.738	-550.780	-69.244
2003	26.685.668	28.808.177	-2.122.509	-1.930.978
2004	24.150.132	27.309.837	-3.159.705	-3.104.524
2005	24.027.348	27.133.393	-3.106.045	-3.048.140
2006	40.432.966	31.178.603	9.254.363	9.702.071
2007	54.743.165	46.367.397	8.375.768	10.164.207
2008	64.585.023	51.382.636	12.747.862	12.755.290
2009	60.604.741	54.504.067	6.100.674	9.343.904
2010	73.387.939	60.570.501	12.817.438	14.844.813
2011	82.933.472	77.786.739	5.146.733	6.249.851
2012	105.009.322	105.044.663	-35.341	1.370.404
2013	121.171.192	134.221.131	-13.049.939	-11.867.715
2014	164.071.783	160.880.819	3.190.964	4.453.787
2015	165.154.946	167.359.237	-2.204.291	-1.041.943
2016	157.105.625	164.916.850	-7.811.225	-6.433.760
2017	171.615.754	169.569.319	2.046.435	2.747.468
2018	161.741.055	169.100.009	-7.358.954	-6.386.360
Samtals	1.565.725.254	1.540.843.279	24.923.152	42.380.432

Framan af mynduðu námskeiðsgjöld og framlag skv. samningi frá ríki (menntamálaráðuneytinu) fyrst og fremst tekjur Fræðslunetsins. Með árunum urðu tekjustofnarnir fjölbreyttari en til viðbótar námskeiðsgjöldum og árlegu ríkisframlagi hafa komið verkefnaþengd framlög og styrkir úr Fræðslusjóði, framlög frá Fjölmenn til fræðslu fatlaðs fólks og aðrir styrkir.

Stærstu gjaldaliðir eru laun fastráðinna starfsmanna, laun verktaka og húsaleiga.

12 HEIMILDIR

Við samantekt þessarar yfirlitssögu hefur verið stuðst við margskonar heimildir munnlegar sem ritaðar.

I - MUNNLEGAR HEIMILDIR OG AÐSTOÐ

Höfundur hefur leitað upplýsinga hjá Jóni Hjartarsyni fyrrum framkvæmdastjóra Fræðslunetsins, Eyjólfu Sturlaugssyni núverandi framkvæmdastjóra auk annars starfsfólks þess, þeim Steinunni Ósk Kolbeinsdóttur verkefnastjóra, Sólveigu R. Kristinsdóttur og Eydísu Kötlu Guðmundsdóttur verkefnastjórum og starfs- og námsráðgjöfum, Lilju Össurardóttur og Söndru D. Gunnarsdóttur verkefnastjórum.

Aðrir sem veitt hafa upplýsingar og aðstoð við heimildaleit eru: Sigurður Bjarnason fyrsti Markviss-ráðgjafi Fræðslunetsins, Sigurður Sigursveinsson fyrrv. skólameistari FSu, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands og fyrrv. formaður stjórnar Fræðslunetsins, Örylgur Karlsson fyrrv. skólameistari FSu og formaður stjórnar Fræðslunetsins, settur skólameistari FSu, Sigursveinn M. Sigurðsson og Helga Gísladóttir forstöðumaður Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar.

II - HELSTU RITAÐAR HEIMILDIR

Fundargerðir stjórnar Fræðslunetsins 1999-2018.

Ársskýrslur Fræðslunetsins 2000-2018.

Ársreikningar Fræðslunetsins 1999-2018.

Samningar við stofnanir, fyrirtæki og félög, umsóknir um styrki og leyfi, skýrslur, bréf og ýmis-
konar önnur skjöl í eigu Fræðslunetsins.

Fundargerðir stjórnar Háskólafélags Suðurlands 2008-2015.

Fundargerð bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar 25.11.2010.

Ásmundur Sverrir Pálsson og Gísli Skúlason. 1996. Skólaskýrsla 1981-1991. Fjölbrautaskóli
Suðurlands.

Eydís Katla Guðmundsdóttir og Særún Rósa Ástþórsdóttir. 2017. Brú milli miðstöðva – Sam-
starf í brúarnámi, 38-40. Gátt. Ársrit um framhaldsfræðslu.

Esther Óskarsdóttir og Ásmundur Sverrir Pálsson. 2012. Fagnám í heilbrigðisþjónustu.
Samstarf Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Fræðslunets Suðurlands, 19-23. Gátt. Ársrit um
framhaldsfræðslu.

Gylfi Þorkelsson. 2011. Fjölbrautaskóli Suðurlands. Hornsteinn í héraði (lokaverkefni til
MPA-gráðu í opinberri stjórnýslu). Háskóli Íslands. <http://www.fsu.is/static/files/pdf/fjolbrautaskolisudurlandshornsteinniheradi.pdf>

MYNDASKRÁ

Frá undirbúningsfundi að stofnun Fræðslunetsins 31. maí 1999.	5
Frá stofnfundi Fræðslunetsins.	6
Fyrstu tveir starfsmenn Fræðslunetsins, Jón Hjartarson framkvæmdastjóri og Eyvindur Bjarnason.	7
Starfsfólk Fræðslunetsins í desember 2008.	8
Starfsfólkið á vorönn 2019.	9
Iða á Selfossi.....	11
Áttuganámskeið voru haldin í flestum sveitarfélögum Suðurlands á fyrstu árunum. Hér er mynd frá áttuganámskeiði í Biskupstungum.	11
Glaðheimar.	12
Tónlistarskóli Rangæinga.....	12
Fjölheimar við Tryggvagarð.....	12
Fjölheimar voru teknir í notkun í janúar 2013. Myndin er tekin við formlega vísu húsnæðisins.	13
Kötlusetur á Vík.	13
Kirkjubæjarstofa á Klaustri.	13
Nýheimar.	14
Fagnámskeið III - útskrift á Hvolsvelli í apríl 2012.....	15
Anna Linda Sigurðardóttir hefur kennt íslensku hjá Fræðslunetinu í áraraðir.	16
Fjöldmörg námskeið hafa verið haldin fyrir sjúkraliða á Suðurlandi í gegnum tíðina. ..	16
Fræðslunetið bauð á fyrstu árunum uppá afar fjölbreytt úrval tólmstundanámskeiða. Hér er verið að kenna kökuskreytingar.	16
„Skorið í tré með Siggu á Grund“. Námskeið Siggu voru afar vinsæl.	17
Þátttakendur og kennarar á listnámsbraut 2016.....	18
Námskeiðið „Lærðu um réttindi þín“ hefur verið mjög vinsælt námskeið. Hér er Lilja Össurardóttir verkefnastjóri að útskrifa einn hópinn.	18
Skrifað undir samning við Friðheima „Fræðslustjóri að láni“.....	19
Útskrift á námskeiðinu „Ull í mund“. Það var þróunarverkefni í fullvinnslu ullar sem var haldið á Hvolsvelli 2014.	19
Fyrsti fjarfundabúnaðurinn vígður 2000.	20
Nemar í hjúkrunarfræði í Iðu 2007.	20
Háskólanemar þreyta próf 2007.	21
Stjórn Fræðslunetsins opnar nýja vefsíðu árið 2008.	22
Þróun merkis Fræðslunetsins, frá fyrstu útgáfu (efst) til þeirrar nýjustu (neðst).	23

Ásmundur Sverrir tók við Menntaverðlaunum Suðurlands 2008. Á myndinni eru einnig Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, verkefnastjóri og Gylfi Þorkelsson, formaður stjórnar Fræðslunetsins.	24
Listamaður sýnir mynd sína á listasýningu verka unna á listnámsbraut fyrir fatlað fólk.	27
Starfsfólk Fræðslunetsins á námskeiði í Róm.	27
Samningur um fjarkennslu frá Háskólanum á Akureyri undirritaður.	29
Styrkþegarnir Sigrún Jónsdóttir og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir ásamt forseta Íslands, herra Guðna Th. Jóhannessyni, árið 2017.....	32

